



Laxárbakki - Ferðapjónusta og frístundabyggð. Umsagnir um matsáætlun og viðbrögð við athugasemdum.

Umsagnir bárust frá neðangreindum umsagnaraðilum og öðrum aðilum um matsáætlun um ferðapjónustu og frístundabyggð að Laxárbakka. Í eftirfarandi minnisblaði eru athugasemdir þessara aðila settar fram í tveimur töflum ásamt viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim.

Umsagnaraðilar

1. Eyja- og Miklaholtshreppur
2. Fiskistofa
3. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
4. Land og skógur
5. Minjastofnun Íslands
6. Náttúrufræðistofnun
7. Náttúruverndarstofnun
8. Umhverfis- og Orkustofnun
9. Vegagerðin

Aðrir aðilar

1. Fuglavernd
2. Landvernd
3. Náttúrustofa Vesturlands
4. Ungir umhverfissinnar

**Laxárdalir – Ferðapjónusta og frístundabyggð. Umsagnir umsagnaraðila um matsáætlun og viðbrögð við athugasemdum.**

Umsagnir um matsáætlun *Laxárdalir – Ferðapjónusta og frístundabyggð* bárust frá 9 umsagnaraðilum þ.e. Eyja- og Miklaholtshreppi, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Landi og skógi, Minjastofnun, Náttúrufræðistofnun, Náttúruverndarstofnun og Umhverfis- og orkustofnun og Vegagerðinni. Athugasemdir umsagnaraðila og viðbrögð framkvæmdaraðila eru sett fram í töflu hér að neðan.

Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafla í MÁ	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárdalir
1	1.1	Eyja- og Miklaholtshreppur	3.3, 3.4	Aðalskipulag og deiliskipulag	Fram kemur í köflum 3.3 og 3.4 í matsáætlun að framkvæmdin kalli á aðalskipulagsbreytingu og að samhliða henni verði unnið deiliskipulag af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Ekki kemur fram hvenær áætlað er að skipulagstillögurnar komi til afgreiðslu og kynningar. Eyja- og Miklaholtshreppur bendir á að mikilvægt er að niðurstöður umhverfismats framkvæmdarinnar og álit Skipulagsstofnunar verði hafðar til hliðsjónar við vinnslu skipulagstillagna. Þá er hægt að bregðast við niðurstöðunum með viðeigandi útfærslu skipulags og skilmálum. Æskilegt er því að umhverfismati framkvæmdar verði lokið áður en skipulagstillögur verði afgreiddar.	Gert er ráð fyrir að skipulagsferli hefjist bráðlega með kynningu á skipulagslýsingu. Tekið er undir ábendingu um að æskilegt sé að umhverfismati framkvæmdar verði lokið áður en skipulagstillögur verði afgreiddar.
1	1.2	Eyja- og Miklaholtshreppur			Í matsáætlun er gerð grein fyrir fráveitumálum, áætluðu magni og meðhöndlun frárennslis og skólps. Fram kemur í matsáætlun að unnin frekari greining á gróðri og vistgerðum og þéttleika varpugla til að bregðast við athugasemdum í umsagnarferli matskyldufyrirspurnar. Einnig kemur fram að aflað verði frekari upplýsinga um lífríki í vatni við umhverfismatið. Samkvæmt matsáætlun verða unnar greiningar á sýnileika mannvirkja og unnar líkanamyndir sem endurspeglar ástýnd svæðisins að framkvæmd lokinni. Fornleifaskráning á vettvangi og niðurstöður birtar í umhverfismatsskýrslu. Með hliðsjón ofangreindum atriðum í matsáætlun um fyrirliggjandi gögn og frekari upplýsingaöflun um umhverfisþætti telur Eyja- og Miklaholtshreppur framkvæmdaraðila hafa mætt ágætlega þeim kröfum sem fram komu í matskylduákvörðun Skipulagsstofnunar.	Athugasemd krefst ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.
1	1.3	Eyja- og Miklaholtshreppur	1.3	Leyfi	Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi Eyja- og Miklaholtshrepps samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Að öðru leyti gerir Eyja- og Miklaholtshreppur ekki athugasemdir við matsáætlunina.	Í kafla 1.3 í matsáætlun kemur fram að uppbygging ferðapjónustu á Laxárdalir er háð byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi frá Eyja- og Miklaholtshreppi.



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafla í MÁ	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárakka Resort
2	2.1	Fiskistofa	7.2, 7.7	Vatnalíf og stangveiði	<p>Fiskistofa bendir á að sú uppbygging sem að er stefnt er í nágrenni við laxveiðiár eins og fram kemur í fram lagðri matsáætlun.</p> <p>Í matsáætlun er fjallað um atriði sem varða hugsanleg áhrif á lífríki og stangveiði s.s. í köflum 7.2 og 7.7. Í kafla 7.2 er tilgreint að aflað verði umsagna viðkomandi veiðifélaga eða sérfræðiálts um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki í vatni og aðstöðu til veiði. Í kafla 7.7 er þess getið að kannað verði mikilvægi framkvæmdasvæðisins og nærliggjandi svæða fyrir m.a. fyrir stangveiði.</p> <p>Fiskistofa telur að vel færi á því að fjalla sérstaklega um hugsanleg áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar á fiskigengd, lífríki í vatni og veiðihagsmuni í matsskýrslu, þ.e. að sérstakur kafla fjallaði um þau áhrif.</p> <p>Fiskistofa bendir á að framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka þess, kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði.</p>	<p>Framkvæmdin hefur ekki bein áhrif á laxveiðiár var því ekki talin þörf á að fjalla um áhrif á fiskigengd og veiðihagsmuni í sérstökum kafla. En eins og kemur fram í umsögn Fiskistofu verður fjallað um fjallað um áhrif á vatnalíf, aðstöðu til veiði og veiðihagsmuni í umhverfismatsskýrslu og leitað verður umsagnar veiðifélags eða sérfræðiálts um mikilvægi framkvæmdasvæðisins og nærliggjandi svæða m.a. fyrir stangveiði.</p> <p>Tekið er undir ábendingu Fiskistofu um að framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka þess, kunni að vera háðar leyfi Fiskistofum sbr. 33 gr. laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði.</p>
3	3.1	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	4.7	Fráveita	<p>Vegna fráveitukaflans er rétt að benda á að í lok desember tók gildi ný reglugerð um fráveitur og skólp, nr. 1450/2025. Fram kemur að álag frá starfseminni er um 330 persónueiningar, stefnt er að því að notast við, tveggja þrepa hreinsun; hefðbundnar rotþrær fyrir minni byggingar og stærri lífrænar hreinsistöðvar fyrir hótél og heilsulind.</p> <p>Heilbrigðiseftirlitið bendir á að siturlögn sem endar í grjótpúkki, skal vera við allar rotþrær/hreinsistöðvar, eins og krafist er í eldri reglugerð um fráveitur og skólp og einnig þeirri sem nýverið tók gildi. HeV bendir einnig á 14. gr. um Hönnun fráveitu.: Fráveitur skulu hannaðar, byggðar, starfræktar og viðhaldið þannig að þær uppfylli kröfur um hreinsun við öll venjuleg skilyrði. Við hönnun fráveitna skal taka tillit til árstíðabundinna magn sveiflna, m.a. veðurfars. Fráveitur skulu vera þannig hannaðar, þar sem því verður við komið, að hægt sé að taka dæmigerð sýni af skólpi bæði í aðrás og frárás hreinsivirkis, sbr. viðauka IV. Huga þarf að aðkomu hreinsibíla vegna tæmingar rotþróa.</p>	<p>Ábendingar HEV er varða fráveitu og hönnun hennar og er varða aðkomu hreinsibíla vegna tæmingar á rotþróum eru teknar til greina. Þessi atriði verða tekin til skoðunar við hönnun fráveituvirkja.</p>
3	3.2	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	4.8	Efnistaka	<p>Efnistaka: Í frumhönnun fyrir Laxárakka er þörf jarðfna vegna framkvæmda metin um 100-150.000 m³. Þrjár námur sem taldar eru hentugastar fyrir verkefnið sem stefnt er að því að nýta, þar af eru tvær í Eyja- og Miklaholtshreppi þ.e. E7 Eiðshús og E5 Vatnaleið og ein náma í sveitarfélaginu Helgafellssveit þ.e. E8 Bjarnarhöfn. Ekki eru gerðar athugasemdir við kafla um Efnistöku, á þessu stigi málsins.</p>	<p>Athugasemd krefst ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.</p>
3	3.3	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	1.3	Leyfi	<p>Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gefur út starfsleyfi fyrir malarnámur og starfsmannabúðir ef þær verða reistar á framkvæmdatíma, svo og starfsleyfi fyrir hótélreksturinn og vatnsveitu sem þjónar starfseminni.</p>	<p>Ábending HEV um starfsleyfi fyrir malarnámum og starfsmannabúðum annars vegar og fyrir hótélrekstri og vatnsveitu hins vegar er tekin til greina.</p>
4	4.1	Land og skógur	4	Framkvæmd	<p>Í matsáætluninni er lýst nokkuð breyttum áformum frá því sem áður var, og má sjá þessar breytingar á mynd 5.1 (neðri). Sé neðri hluti myndar 5.1 lagður ofan á mynd 7.1, sést að allnokkur mannvirki (byggingar og vegir) verða fyrirhuguð á svæðum sem teljast mega óraskað votlendi.</p>	<p>Bent er á að núverandi áform eru kynnt í kafla 4 og á mynd 4.1. Mynd 5.1 sýnir hins vegar tvær útfærslur uppbyggingar sem teknar hafa verið til skoðunar í ferlinu en þær útfærslur verða ekki teknar til mats í umhverfismati framkvæmdarinnar.</p>
5	5.1	Minjastofnun Íslands	7.8	Fornleifar	<p>Minjastofnun hefur kynnt sér skýrsluna: Laxárakki - ferðapjónusta og frístundabyggð. Matsáætlun (Verkís, nóv. 2025). Stofnunin hefur ekki athugasemdir við áætlunina hvað varðar menningarminjar.</p>	<p>Athugasemd krefst ekki viðbragða.</p>



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafli í MÁ	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárbakka Resort
6	6.1	Náttúrufræðistofnun	7.4	Gróður og vistgerðir	<p>Þónokkrar úttektir hafa verið gerðar á gróðri í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir. Fyrsta athugun var unnin af Árna Bragasyni og fór fram snemmsumars árið 2024. Sú úttekt þótti ófullnægjandi þar sem votlendisplöntur eru yfirleitt síðsprottnar og illgerlegt að greina þær til tegunda með vissu of snemma á vaxtartímabilinu. Önnur æðplöntuskráning var unnin af Náttúrustofu Suðausturlands þann 15. september 2025 þar sem bent var á að endurbætt vistgerðakort frá úttektinni 2023 var ekki fullnægjandi og mun meira votlendi á svæðinu en kortið sýndi. Því fór Borgþór Magnússon, vistfræðingur, í vistgerðaúttekt 13. og 17. október 2025 og liggur fyrir uppfært kort af vistgerðum sem sýnir að 85% jarðarinnar er votlendi. Er það í nokkuð góðu samræmi við þá uppfærslu sem nú er í vinnslu á Náttúrufræðistofnun.</p> <p>Gróðurúttektir í verkefninu hafa allar farið fram utan þess tímabils þegar votlendisplöntur eru á hástigi vaxtar yfir sumarið, frá miðjum júlí fram í miðjan ágúst og spyrja má hvort þessar úttektir séu nægjanlegar til að gera flóru svæðisins góð skil. Er það ályktun úttektaraðila Náttúrustofu Suðausturlands að það sé ekki raunin þar sem gróður var kominn í sinu eftir sumarið þegar úttektin fór fram og ekki var hægt að greina til tegunda að fullnustu. Eins reyndist vera mun meira votlendi á svæðinu en gert hafði verið ráð fyrir við undirbúning úttektarinnar og því er það niðurstaða úttektaraðila að mun meiri tíma þurfi á vettvangi til að skrá æðplöntur í votlendinu svo að fullnægjandi teljist.</p> <p>Náttúrufræðistofnun tekur undir þessa ályktun og leggur til að ítarlegri æðplöntuskráning verði unnin í landi Laxárbakka á vaxtartíma gróðurs þar sem tekið er tillit til nýrra upplýsinga um útbreiðslu votlendisvistgerða og fyrirhugaðra framkvæmda. Er þetta einkum mikilvægt í ljósi þess að fyrir liggja fáar skráningar æðplantna frá svæðinu í gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar og að svæðið hefur að geyma mjög víðfeðmt, lítt raskað votlendi á láglandi sem fellur undir sérstaka vernd skv. 61. grein laga um náttúruvernd (60/2013) sem forðast ber að raska nema brýna nauðsyn beri til. Því ber að vanda til verka við matsvinnu.</p>	<p>Grasafraeðingur mun fara um framkvæmdasvæðið í júlí 2026 og skrá æðplöntur á vettvangi. Sérstaklega verður leitað að sjaldgæfum plöntum og plöntum á valista Náttúrufræðistofnunar. Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar verður tekið mið af ákvæðum 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem kveðið er á um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa. Þar verða áhrif framkvæmdarinnar á vistkerfi greind sérstaklega með hliðsjón af ákvæðum laganna og þeim skilyrðum sem þar eru sett um brýna nauðsyn og aðra raunhæfa kosti. Fjallað verður um valkosti í útfærslu framkvæmdarinnar með það að markmiði að forðast eða lágmarka röskun á vernduðum vistkerfum eftir því sem unnt er.</p>
6	6.2	Náttúrufræðistofnun	7.4	Gróður og vistgerðir	<p>Að auki má benda á að í viðmiðum fyrir mat á gróðri og vistgerðum ætti að hafa til hliðsjónar: Auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og fléttna (Nr. 1385/2021). Í gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar eru upplýsingar um að válistategundin safastör (Carex diandra - NT) finnist í nágrenninu en hún er votlendistegund. Eins finnst sandlæðingur (Glax maritima - VU) í fjörum leirulónsins en tegundina er einkum að finna á sjávarfitjum.</p>	<p>Auglýsing Nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna verður höfð til hliðsjónar við mat á áhrifum á gróður og vistgerðir.</p>
6	6.3	Náttúrufræðistofnun	7.5	Fuglar	<p>Líkt og fram hefur komið áður, er þarna um að ræða gríðarlega mikilvægt búsvæði fugla, bæði á landi og í fjörum. Leirurnar eru mikilvægar allan ársins hring og hafa sést stórir hópar vaðfugla á svæðinu og sem dæmi má nefna að hátt í þúsund rauðbrystingar hafa sést við ósa Straumfjarðarár (Guðmundur A. Guðmundsson, óbirt gögn) og hundruðir tjalda hafa sést í fjörunni yfir vetrartímann (Böðvar Þórisson, óbirt gögn).</p>	<p>Þakkað er fyrir ábendingu um óbirt gögn um fugla sem tekin verða skoðunar við umhverfismatið.</p>



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafli í MÁ	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárþakka Resort
6	6.4	Náttúrufræðistofnun	7.5	Fuglar	Miðað við fyrirliggjandi gögn er ljóst að það finnast stórir hópar vaðfugla á svæðinu en breytilegt getur verið hvar þeir halda sig. Fram hafa farið fjöruþalningar síðsumars og að hausti en, líkt og úttektaraðili bendir á, þá er það ekki fullnægjandi. Til að ná yfir notkun fugla á svæðinu þurfa að fara fram tíðar talningar að vori til, á tímabilinu 20. apríl - 31. maí, þar sem breytileiki í fjölda á milli talninga getur verið mjög mikill. Sérstaklega er mikilvægt að ná nokkrum talningum á stórstraumsfjöru. Nákvæm tíðni talninga að vori og val á útsýnisstöðum til talninga þarf að fara fram í samráði við Náttúrufræðistofnun vegna viðkvæmni arnarvarps á þeim árstíma. Endurtaka ætti einnig talningar síðsumars/að hausti, líkt og úttektaraðili stingur upp á, eða frá seinnipart júlí fram til loka september. Þá þurfa að fara fram nokkrar talningar yfir veturinn til að kanna dreifingu tjalda á svæðinu, bæði þegar er stórstreymi og smástreymi.	<p>Það er rétt hjá umsagnaraðila að þéttleiki talninga nær ekki yfir breytileika í notkun fugla á svæðinu milli daga eða stöðu sjávarfalla. Hins vegar má ætla að talningar sem fram hafa farið á svæðinu á mismunandi ártímum lýsi vel hvaða tegundir nota svæðið og fara þar um. Þar sem ekki verða neinar byggingar nær fjöruborði en yfir 50 metra þá munu framkvæmdir ekki skerða leiruna. Einverrar truflunar gæti gætt við framkvæmdir, en sú truflun mun verða tímabundin. Þrjár byggingar verða í námunda við ströndina og leiruna þ.e. veitingastaður, heilsurækt og eitt frístundahús. Í dag má gera ráð fyrir að einhver umferð sé af gangandi mönnum og fuglaskoðurum. Einnig eru Löngufjörur vinsæl reiðleið og má sjá á vefsíðu Landsambands hestamanna (https://www.map.is/lh/) að reiðleið þverar leiruna undan Laxárþakki og áningarstaður fyrir hesta er á Stakkhamarsnesi. Þá má reikna með að truflun verði af völdum arna þegar þeir fara um í fæðuleit. Ætla má að aukning verði á umferð gangandi manna á svæðinu umfram það sem nú er og geti valdið einhverri truflun eins og gerist með umferð gangandi manna. Það er alþekkt víða við leirur, t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Oft má komast talsvert nærri fuglum á leirum við ljósmyndatöku og talningar án þess að þeir verði fyrir mikilli truflun. Truflunin er í sjálfu sér óháð fjölda fugla og notkunarmynstri þeirra á leirunni og auknar talningar umfram það sem gefur góða mynd af hvaða fuglar nota svæðið breytir ekki miklu varðandi mat á áhrifum á fuglana. Segja má að mat á truflun á fugla verði það sama til dæmis hvort sem hópurinn er 100 eða 500 fuglar því truflun er ekki margfölduð með fjölda fugla.</p> <p>Benda má á að Náttúrufræðistofnun Íslands framkvæmdi fuglaathuganir vegna færslu hringveggar um Mýrdal þar sem einn valkostanna á að liggja um leiruna. Þá var látið nægja að telja 10 sinnum á 9 mánuðum, ekki talið eftir mismundandi sjávarstöðu. Í athugasemdum Náttúrufræðistofnunar við matsskýrslu Vegagerðarinnar um færslu Hringveggar í Mýrdal var ekki gerð athugasemd við talningar Náttúrufræðistofnunar á leirunni. Talningar sem til eru af svæðinu við Laxárþakki eru frá mismundandi tímum árs og auk þess eru til talningar frá aðliggjandi svæðum á Löngufjörusvæðinu þar sem ætla má að fuglalíf sé svipað og að fuglar ferðist á milli svæðanna.</p> <p>Til stendur að framkvæma eina talningu að vetri við Stakkhamar og eina að vori og eru þær talningar, auk þeirra sem til eru, taldar vera fullnægjandi til að meta áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf leirunnar. Haft verður samráð við Náttúrufræðistofnun varðandi arnavarp við talningar að vori.</p>



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafli í MÁ	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárþakka Resort
6	6.5	Náttúrufræðistofnun	7.5	Fuglar	<p>Nú þegar hafa farið fram mófuglatalningar sem staðfesta mjög mikinn þéttleika mófugla, líkt og við mátti búast. Til mófugla teljast einkum vaðfuglar en flestar vaðfuglategundir sem hér verpa teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands vegna þess hve hátt hlutfall stofna þeirra nýta Ísland til varps. Þrátt fyrir stóra stofna eru ýmsar hættur sem steðja að vaðfuglum á Íslandi, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast (Tómas Grétar Gunnarsson 2020). Fyrir utan beint búsvæðatap sem uppbygging getur haft í för með sér, forðast líka margar tegundir vaðfugla ýmis mannvirki sem lýsir sér þannig að þéttleiki þeirra er minni nær slíku en fjær (Pálsdóttir o.fl. 2024). Merki eru um fækkun í stofnum vaðfugla og nú er það svo að fimm af sjö algengustu tegundum vaðfugla hérlendis eru metnar vera í nokkurri hættu (VU) á nýuppfærðum valista fugla. Því er mjög mikilvægt að við ákvarðanir um uppbyggingaráform sem fela í sér rask að tekið sé ríkt tillit til búsvæða vaðfugla og helst forðast rask á vaðfuglaríkum svæðum.</p> <p>Í því sambandi skal bent á að Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum um verndun lífríkis og þar ber hæst Samningur Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity), Bernarsamningurinn um verndun tegunda og vistgerða í Evrópu og AEWA-samningurinn um farfugla. Með aðild sinni hefur Ísland skuldbundið sig að tryggja verndun tegunda og búsvæða og er afar brýnt að sveitarfélög hugi að þessum skuldbindingum við skipulag landnotkunar.</p>	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um val á byggingasvæðum og við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á fugla verður m.a. lagt mat á umfang og mikilvægi búsvæða. Metin verða áhrif búsvæðaskerðingar á fuglalíf og stofnstærðir varpfugla á framkvæmdasvæðinu og á landsvísu.
6	6.6	Náttúrufræðistofnun	7.5	Fuglar	<p>Þá þarf að taka tillit til þess að langflestar tegundir fugla eru friðaðar á varptíma og tekur sú friðun einnig til eggja og hreiðra þeirra (Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum). Að þessu þarf að huga við framkvæmdir og forðast jarðrask á varptíma.</p>	Ábending umsagnaraðila er tekin til greina.
6	6.7	Náttúrufræðistofnun	7.5	Fuglar	<p>Frístundahús voru færð þar sem þau voru að miklu leyti staðsett í votlendi. Miðað við vistgerðakort í skýrslu úttektaraðila (3. mynd) fæst þó ekki betur séð en að þau séu enn að miklu leyti í votlendi og á það sama við fyrirhugað hótél. Auk þess eru húsin nú dreifðari þannig að áhrifasvæði þeirra er núna jafnvel meira en áður var en sýnt hefur verið fram á að margar tegundir vaðfugla eru í lægri þéttleika í nánasta umhverfi við sumarhús og ná þau áhrif að lágmarki um 200 m. (Pálsdóttir o.fl. 2024).</p>	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um val á byggingasvæðum og við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á fugla verður m.a. lagt mat á mikilvægi búsvæða og mögulega skerðingu þeirra innan áhrifasvæðisins.
6	6.8	Náttúrufræðistofnun	7.5	Fuglar	<p>Eins og fram hefur komið er hafarnaróðal á svæðinu. Þrátt fyrir að bent hafi verið á að uppbyggingin sé skipulögð of nálægt óðalinu fæst ekki betur séð en að hún hafi verið færð enn nær í nýju skipulagi. Jafnvel þó að uppbyggingin fylgi lögum um 500 m fjarlægð frá hafarnarhreiðrum er ljóst að hætta á truflun fyrir hafernina verður til staðar og mögulega mikil, sérstaklega í ljósi þess að þeir hafa hingað til verið í tiltölulega óröskuðu búsvæði með tilliti til mannaumferðar. Meðal annars hefur verið bætt á skipulagið vegi og gönguleið sem er líklegt til að auka enn frekar truflun fyrir varpparið.</p>	Uppbyggingaráform eru sýnd á mynd 4.1. Þar má sjá að veitingastaður og vegur að honum er í yfir 600 metra fjarlægð frá arnaróðali og fylgir því lögum um fjarlægð þar að lútandi. Í kafla 5.2 er fjallað um aðra kosti sem teknir hafa verið til skoðunar en fallið hefur verið frá. Þessir kostir sbr. mynd 5.1 verða ekki teknir fyrir í umhverfismati framkvæmdarinnar, en þar má sjá göngustíg frá veitingastað að útsýnisstað við ána sem hætt hefur verið við.



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafli í MÁ	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárþakka Resort
6	6.9	Náttúrufræðistofnun	7.4,7.5	Gróður og vistgerðir Fuglar	Svæðið sem um ræðir er meðal annars innan mikilvægra fuglasvæða, á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar og auk þess tilnefnt til B hluta náttúruminjaskrár. Hér fer ekki á milli mála að svæðið hefur gífurlegt mikilvægi þegar kemur að fuglalífi og náttúru. Svæðið er að mestu leyti óraskað og að megninu til votlendi. Umfangsmikil uppbygging eins og hér er lögð til myndi án efa hafi veruleg neikvæð áhrif á fuglalíf á svæðinu, þar sem hún myndi fela í sér búsvæðaeyðingu, jaðaráhrif á búsvæði nálægt miklum fjölda mannvirkja og aukna truflun vegna umferðar fólks og þyrluferða.	Í kafla 3.5 er greint frá þeim verndarsvæðum sem njóta verndar og framkvæmdin snertir. Fjallað verður um stöðu þeirra í umhverfismatsskýrslu og verndarstaða verður viðmið við mat umhverfisáhrifa á gróður og fugla. Við mat á áhrifum framkvæmda verður fjallað um möguleg jaðaráhrif. Hætt hefur verið við fyrirhuguð áform um að koma þyrlupalli fyrir á jörðinni.
6	6.10	Náttúrufræðistofnun	5	Kostir	Náttúrufræðistofnun telur hæpið að færa rök fyrir því að breytingar hafi verið gerðar í nafni þess að lágmarka áhrif á gróður- og dýralíf á svæðinu og er erfitt að sjá hvernig eðli og umfang fyrirhugaðrar uppbyggingar, sem mun m.a. fela í sér allt að 5 þyrluferðir á dag, geti farið saman með náttúruvernd á þessu viðkvæma og verðmæta lífríkissvæði. Þá skal einnig tekið fram að mörk um fjarlægð milli vatns og mannvirkja (50 m) í skipulagsreglugerð eru ekki endilega nægjanleg til að tryggja viðunandi fuglavernd þegar um ríkuleg fuglasvæði er að ræða.	Leitast hefur verið við að færa mannvirki á þurrari svæði innan jarðarinnar og takmarka aðgengi að viðkvæmum svæðum. Útfærsla framkvæmdar hefur breyst töluvert frá upphaflegum tillögum. Hætt hefur verið við fyrirhuguð áform um að koma þyrlupalli fyrir á jörðinni.
6	6.11	Náttúrufræðistofnun	5	Kostir	Náttúrufræðistofnun mælir eindregið með að settur verði fram valkostur til samanburðar sem felur í sér að uppbygging verði eingöngu á austurhluta svæðisins og umfang ráðist af því að lágmarka rask á samfelldu votlendi. Varhugavert fordæmi gæti skapast af því að heimila óbreytt áform á þessu verðmæta náttúruminjasvæði.	Leitast hefur verið við að koma mannvirkjum fyrir á þurrari svæðum innan jarðarinnar. Einnig hefur verið leitast við að takmarka aðgengi að viðkvæmum svæðum. Við mat á umhverfisáhrifum verður fjallað um valkosti í útfærslu framkvæmdarinnar með það að markmiði að forðast eða lágmarka röskun á vernduðum vistkerfum eftir því sem unnt er.
7	7.1	Náttúruverndarstofnun	6	Mat á umhverfisáhrifum	Náttúruverndarstofnun bendir á að í 2. tl. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd er kveðið á um að þar til ráðherra gefur út náttúruminjaskrá skv. 33. gr. skal gildandi náttúruminjaskrá halda gildi sínu en um minjar á skránni, aðrar en þær sem eru friðlýstar, skal fara samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, þar til endurmat verndargildis þeirra minja hefur verið lokið. Þetta þýðir að eldri náttúruminjaskrá heldur gildi sínu en að réttaráhrif 37. gr. núgildandi náttúruverndarlaga gilda ekki. Mikilvægt er að mati stofnunnarinnar að svæði á náttúruminjaskrá sé sér umhverfisþáttur í umhverfismati með viðeigandi viðmiðum og matsspurningum.	Í kafla 3.5 er greint frá þeim verndarsvæðum sem njóta verndar og framkvæmdin snertir. Fjallað verður um stöðu verndarsvæða í umhverfismatsskýrslu og verður verndarstaða þeirra viðmið við mat umhverfisáhrifa á þá umhverfisþætti, er þau varða.
7	7.2	Náttúruverndarstofnun	6	Mat á umhverfisáhrifum	Hluti þess svæðis sem framkvæmdin nær til er á þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008. Alþingi ályktaði þar að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu svæðisins en það er skráð sem Álfanes – Akrar – Löngufjörur. Talið er mikilvægt að vernda svæðið sem friðland fyrir fugla og að sérstaka áherslu beri að leggja á verndun búsvæða margæsar, rauðbristings og hafarnar. Náttúruverndarstofnun bendir einnig á að fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur við Stakkhamarsós þar sem finnast sandlæðingur og lónajurt sem eru válistategundir í nokkurri hættu. Mikilvægt er að mati stofnunnarinnar að svæði á náttúruverndaráætlun sé sér umhverfisþáttur í umhverfismati með viðeigandi viðmiðum og matsspurningum.	Fjallað verður um stöðu verndarsvæða sem njóta verndar og framkvæmdin snertir í umhverfismatsskýrslu fyrir þá umhverfisþætti sem skilgreindir hafa verið og þau varða. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum umhverfisþætti er beri heitið "svæði á náttúruverndaráætlun".



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafli í MÁ	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárþakka Resort
7	7.3	Náttúruverndarstofnun	7.4	Gróður	Náttúruverndarstofnun bendir á að innan framkvæmdasvæðisins eru vistkerfi (votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar (>20.000 m ²)) sem falla undir ákvæði 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Lagagreinin kveður á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sömu greinar. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.	Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar verður tekið mið af ákvæðum 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem kveðið er á um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa. Þar verða áhrif framkvæmdarinnar á vistkerfi greind sérstaklega með hliðsjón af ákvæðum laganna og þeim skilyrðum sem þar eru sett um brýna nauðsyn og aðra raunhæfa kosti. Jafnframt verður fjallað um valkosti í útfærslu framkvæmdarinnar með það að markmiði að forðast eða lágmarka röskun á vernduðum vistkerfum eftir því sem unnt er.
7	7.4	Náttúruverndarstofnun	6	Mat á umhverfisáhrifum	Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í matinu, það kortlagt, fjallað um umfang þess og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, fjalla um hversu mikið votlendi sem nýtur sérstakrar verndar er raskað með beinum og óbeinum hætti og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Mikilvægt er að mati stofnunnarinnar að svæði sem njóta sérstakrar verndar séu sér umhverfisþáttur í umhverfismati með viðeigandi viðmiðum og matsspurningum.	Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um umfang votlendis og það kortlagt. Í kafla 7.4 í matsáætlun kemur fram að gerð verði sérstaklega grein fyrir raski á votlendi, bakkagróðri og öðrum vistgerðum og gróðurlendum sem njóta verndar. Ekki er gert ráð fyrir að hafa sérstakan umhverfisþátt í umhverfismatskýrslu um svæði sem njóta sérstakrar verndar. Hins vegar verður fjallað um náttúruvernd og friðun svæða í köflum umhverfisþátta sem skilgreindir hafa verið og það varða og sett verða fram viðeigandi viðmið og matsspurningar.
7	7.5	Náttúruverndarstofnun	1.3	Leyfi	Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhuguðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna. Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvæðingabæri sem verða fyrir röskun.	Í kafla 1.3 í matsáætlun er fjallað um leyfi sem uppbygging ferðaþjónustunnar er háð. Athugasemd Náttúruverndarstofnunar snýr að leyfisveitendum og kallar ekki á viðbrögð framkvæmdaraðila.



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafli í MÁ	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárbakka Resort
7	7.6	Náttúruverndarstofnun	7.4	Gróður	<p>Votlendi hafa margvísleg gildi og má skipta mikilvægi þeirra upp í þrjá flokka.</p> <ul style="list-style-type: none">• Vatnsfræðilegt gildi: Í miklum rigningum taka votlendissvæði til sín vatn en miðla því frá sér í þurrkatíð. Þannig viðhalda votlendissvæði jöfnu rennsli í ám og lækjum sem er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa.• Vistkerfi: Mýrar geyma verulegt magn kolefna sem verða til við niðurbrot jurtaeifa. Breytingar á t.d. hitastigi og vatnsborði mýra geta valdið aukinni losun kolefnis sem getur haft áhrif á heimsvísu.• Vistfræðilegt gildi: Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi getur þannig aukið verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis. Mikið hefur verið gengið á votlendi Íslands á undanförunum áratugum með framræslu sem að hluta til var styrkt úr opinberum sjóðum. Nú er staðan þannig að tiltölulega lítið er eftir af óröskuðu votlendi á láglandi og sem dæmi um það má nefna að aðeins 3% alls votlendis á Suðurlandi er eftir óraskað og aðeins 18% á Vesturlandi.	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um umfang votlendis og það kortlagt. Í kafla 7.4 í matsáætlun kemur fram að gerð verði sérstaklega grein fyrir raski á votlendi, bakkagróðri og öðrum vistgerðum og gróðurlendum sem njóta verndar í umhverfismatsskýrslu.
7	7.7	Náttúruverndarstofnun	7.4	Gróður	<p>Náttúruverndarstofnun bendir á auglýsingu nr. 1385/20211 um friðun æðplantna, mosa og fléttna en samkvæmt henni eru þær plöntur sem friðunin nær til friðaðar hvar sem þær finnast. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að fjalla um það í matinu hvort friðaðar tegundir séu að finna innan framkvæmdasvæðisins og vernda þær sbr. framangreind lög og friðun. Í viðauka 2 um athugun á æðplöntutegundum segir skýrsluhöfundur, sem sinnti eins dags athugun þann 15. september, í niðurlagi eftirfarandi:</p> <p>„Nákvæm úttekt reyndist því ómöguleg vegna umfangs, tímaþröngar og tíma árs. Nauðsynlegt er að fara í nánari úttekt á þessu svæði um hásumar til að fá betri mynd af útbreiðslu æðplantna. Undirritaður getur ekki útilokað tegundir af valista frá þessu svæði vegna vaxtarstigs gróðurs og umfang svæðis. Ekki er ólíklegt að þarna finnast tegundir sem einfaldlega voru búnar með lífsferil sinn og fundust því ekki. Oft var að finna einstaklinga sem skorti öll einkenni til tegundagreiningar. Vegna umfangs svæðis og breytileika votlenda þá þarf fleiri daga til að sinna þessu verkefni á fullnægjandi hátt og tímasetja úttekt með tilliti til vaxtartíma æðplantna. Undirritaður telur úttektina vera ófullnægjandi m.t.t. stærðar votlendisins og tíma árs er úttektin fór fram.“</p> <p>Þessu brást framkvæmdaraðili við með því að fá framhaldsathugun, sem fór fram tvo daga um miðjan október. Því hefur ekki verið brugðist við áhyggjum skýrsluhöfundar viðauka 2 með fullnægjandi hætti að mati Náttúruverndarstofnunar og tilefni til þess að fara í frekari athuganir næsta sumar.</p> <p>Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri</p>	Grasfræðingur mun fara um framkvæmdasvæðið í júlí 2026 og skrá æðplöntur á vettvangi. Sérstaklega verður leitað að sjaldgæfum plöntum og plöntum á valista Náttúrufræðistofnunar.



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafli í MÁ	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárþakka Resort
					tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.	
7	7.8	Náttúruverndarstofnun	7.4	Gróður	Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.	Ábending Náttúruverndarstofnunar er tekin til greina.
7	7.9	Náttúruverndarstofnun	7.5	Fuglar	Náttúruverndarstofnun telur sérlega mikilvægt að nægilega mikil og góð gögn liggja fyrir um fuglalíf fyrir umhverfismat sökum þess hve góð búsvæðaskilyrði eru á svæðinu. Í greinargerð kemur fram að ekki sé fyrirhugað að safna frekari gögnum um fuglalíf. Skýrsluhöfundar viðauka 4, sem framkvæmdu úttekt á fuglalífi svæðisins árið 2025, nefna í skýrslu sinni að hausttalningar hafi verið framkvæmdar helst til seint upp á og að það „þyrfti að telja fjöruna aftur frá miðjum ágúst fram í miðjan september til að fá betri viðmið“. Einnig nefna þeir að það „væri gott að telja fjöruna að vori til og beita þar svipaðri aðferð, eða að telja á tveggja vikna fresti frá byrjun apríl fram í maí“, til þess að ná betur utan um farfugla sem hvíla sig og næra í fjörunni og á leirunum á þeim tíma. Því er mat Náttúruverndarstofnunar að æskilegt væri að framfylgja ráðleggingum þeirra sem sáu um fuglavöktun í sumar, enda lá þá ekki fyrir vöktunaráætlun vegna umhverfismats svo umsagnaraðilum stóð ekki til boða að veita athugasemdir vegna hennar.	Í ljós hefur komið að til viðbótar við þær talningar sem fram hafa farið og kynntar voru í matsáætlun, eru til talningar af svæðinu og frá aðliggjandi svæðum frá mismunandi tímum árs. Til stendur að framkvæma eina talningu að vetri við Stakkhamar og eina að vori og eru þær talningar, auk þeirra sem fyrir liggja, taldar vera fullnægjandi til að meta áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf leirunnar.
7	7.10	Náttúruverndarstofnun	7.5	Fuglar	Í kafla 7.5 í greinargerð um fugla eru talin upp viðmið fyrir þann umhverfisþátt vegna umhverfismats. Þar er algengi tegundar, væntanlega á öllu Íslandi, nefnt en réttara væri að nota stofnþróun sem viðmið (eða bæði). Hér á landi eru mjög stórir stofnar af tegundum sem eru algengar á þessu svæði, t.d. heiðlóu og spóa. Ísland hýsir töluverðan hluta af Evrópustofni þessara tegunda en stofnar þeirra héraðs fara hratt minnkandi, eða um allt að 30-40% á síðustu 10-15 árum. Til þess að meta áhrif framkvæmda á tegundirnar er því æskilegra að nota stofnþróun í stað eða til viðbótar við algengi.	Í mati á áhrifum framkvæmdarinnar á fugla verður litið til stofnþróunar þar sem hún er þekkt.
7	7.11	Náttúruverndarstofnun	7.5	Fuglar	Einnig er vert er að nefna að heiðlóa, lóupræll og haförn eru forgangstegundir á viðauka Bernarsamningsins, sem Ísland er aðili að, yfir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar.	Ábending Náttúruverndarstofnunar er tekin til greina.
7	7.12	Náttúruverndarstofnun	7.4, 7.5	Gróður, Fuglar	Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að fram komi ítarlegar áætlanir á því hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á vistgerðir og búsvæði fuglanna. Mikilvægt er að mat á áhrifum taki til rekstartíma og áhrifa starfseminnar, t.d. þyrluflugs og veglagningar og umferðar, en nýlegar íslenskar rannsóknir hafa sýnt fram á jaðaráhrif vega á fugla2. Í greinargerð er nefnt að áhrif framkvæmdar verði metin innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar og er nauðsynlegt að þar verði jaðarsvæðis framkvæmdasvæðis, sér í lagi fjörunar og leirunnar, teknar með í reikninginn, þar sem þau eru mikilvæg fæðuöflunar- og áningarsvæði fyrir fjölmargar innlendar tegundir og farfuglategundir	Í umhverfismatsskýrslu verða áhrif framkvæmda á vistgerðir og fugla metin á framkvæmda og rekstartíma. Einnig verða metin áhrif á fugla í fjöru og á leirum. Fjallað verður um mögulegar mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum á vistgerðir og fugla. Í kafla 7.7 í matsáætlun kemur fram að greining muni fara fram á umferð og svarað verður spurningum um hverjar líkur verði á truflun á framkvæmdatíma og hver verði varanleiki áhrifa sbr. kafla 7.5. Við mat á áhrifum framkvæmda verður fjallað um möguleg jaðaráhrif. Hætt hefur verið við fyrirhuguð áform um að koma þyrlupalli fyrir á jörðinni.



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafli í MÁ	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárþakka Resort
7	7.13	Náttúruverndarstofnun	7.5	Fuglar	Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar. Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.	Ábending Náttúruverndarstofnunar um lög um vernd og friðun sem og skipulagslög er tekin til greina.
7	7.14	Náttúruverndarstofnun	7.7	Landslag	Náttúruverndarstofnun tekur undir að varðandi landslag þá þurfa lög um náttúruvernd 60/2013 og landslagssamningur Evrópu að vera umhverfisviðmið undir umhverfisþættinum landslag og ásýnd. Náttúruverndarstofnun bendir á að í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis. Auk þess bendir Náttúruverndarstofnun á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að við hönnun mannvirkja, svo sem vega, virkjana og annarra framkvæmda, skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna skal tekin afstaða til þessa atriðis. Sérstaklega er mikilvægt að huga að vali á staðsetningu og legu mannvirkja, útfærslu í stærð og formi, frágangi að loknum framkvæmdum og litavali sem lykilþætti í aðlögun mannvirkja að umhverfi sínu. Auk þess er mikilvægt að mannvirki samrýmist jarðmyndunum, gróðri og ásýnd svæðisins.	Tekið er undir athugasemd Náttúruverndarstofnunar og verður hún höfð til hliðsjónar við framkvæmd umhverfismatsins.
7	7.15	Náttúruverndarstofnun		Kostir	Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að varðandi valkosti í umhverfismati verði fjallað sérstaklega um staðsetningarvalkosti innan jarðarinnar, mismunandi umfang eða þéttleika byggðar, aðra útfærslu á vegakerfi, stígum eða aðkomu, valkosti varðandi dreifingu eða þéttleika mannvirkja, mismunandi útfærslur á baðaðstöðu og/eða heilsulind. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að núllkostur nýtist sem skýrt og raunhæft viðmið í umhverfismati, þar sem greint er frá líklegri þróun umhverfisins án fyrirhugaðrar framkvæmdar. Slík umfjöllun er forsenda þess að unnt sé að meta hvort og með hvaða hætti fyrirhuguð uppbygging felur í sér breytingu frá núverandi ástandi, og að bera saman áhrif framkvæmdarinnar við þróun sem annars væri fyrirsjáanleg á svæðinu.	Í kafla 5 í matsáætlun kemur fram að lagt verði mat á áhrif framkvæmdakostar og núllkosta. Í umhverfismatskýrslu verður greint frá öðrum staðsetningarkostum sem teknir hafa verið til skoðunar í undirbúningsferlinu, en fallið hefur verið frá. Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um valkosti í útfærslu framkvæmdarinnar með það að markmiði að forðast eða lágmarka röskun á vernduðum vistkerfum eftir því sem unnt er.



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafli í MÁ	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárakka Resort
7	7.16	Náttúruverndarstofnun	4.7	Fráveita	<p>Í greinargerð kemur fram að fráveita frá fyrirhugaðri starfsemi, þar á meðal hóteli, heilsumiðstöð og tengdum mannvirkjum, verði leyst með miðlægu fráveitukerfi þar sem skólp verði safnað saman og leitt til viðeigandi hreinsunar áður en losun fer fram. Vísað er til þess að fráveitulausnir verði útfærðar í samræmi við gildandi reglur og kröfur þar af lútandi. Náttúruverndarstofnun bendir á að í fráveituvatni er ekki eingöngu lífrænt efni heldur getur einnig verið t.d. rusl, lyfjaleifar og örplast.</p> <p>Náttúruverndarstofnun bendir á að ekki eigi einungis að fjalla um áhrif vegna fráveitu út frá lögum um stjórn vatnamála og þeim gæðapáttum sem lagðir eru þar fram. Umfjöllunin þarf einnig að vera um áhrif fráveitu við viðkvæm náttúru, s.s. fjörur, leirur eða vatnakerfi og mögulegra áhrifa fráveitu á lífríki, fuglalíf eða vistkerfi.</p>	Ábendingar Náttúruverndarstofnunar varðandi fráveitumál eru teknar til greina. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um áhrif fráveitu á leirur, vatn og lífríki.
8	8.1	Umhverfis- og Orkustofnun			Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir þetta aftur og telur ekki ástæður til að gera athugasemd við þessa matsáætlun. Stofnunin mun svo rita umsögn um umhverfismatsskýrsluna sjálfa þegar þar að kemur.	Athugasemd krefst ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.
9	9.1	Vegagerðin	4.3, 7.7	Samgöngumat	<p>Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að vegir sem skipulagið hefur áhrif á sé Snæfellsnesvegur (nr. 54-06) sem er stofnvegur (C8) með 30 m breitt veghelgunarsvæði.</p> <p>Vegagerðin telur að fyrirhuguð uppbygging á Laxárakka muni hafa talsverð áhrif á samgöngur og vegi og óskar því eftir að framkvæmt sé samgöngumat sem sýni fram á hver umferðaraukning verður á rekstrar og framkvæmdartíma ásamt samsetningu umferðar. Meta þarf hvaða áhrif sú umferð mun hafa á núverandi innviði.</p>	Í kafla 7.7 í matsáætlun kemur fram að unnin verði umferðargreining (samgöngumat). Sú greining sem þar er lýst er í samræmi við ábendingu Vegagerðarinnar.
9	9.2	Vegagerðin	1.3	Leyfi	Vegagerðin minnir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.	Ábendingar frá Vegagerðinni um veghelgunarsvæði og leyfi innan þeirra eru teknar til greina.

**Laxárdalir – Umsagnir annarra aðila um matsáætlun og viðbrögð við athugasemdum.**

Umsagnir annarra aðila um matsáætlun *Laxárdalir – Ferðapjónusta og frístundabyggð* bárust frá Fuglavernd, Landvernd, Náttúrustofu Vesturlands og Ungum umhverfisinum. Í töflunni hér að neðan eru settar fram athugasemdir þessara aðila og viðbrögð framkvæmdaraðila við þeim.

Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárdalir Resort ehf.
1	1.1	Fuglavernd	7.4, 7.5	Gróður, Fuglar	<p>Fuglavernd gerir alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaða uppbyggingu Laxárdalir Resort ehf. á ferðapjónustu í landi Laxárdalir í Eyja- og Miklaholtshreppi. Áformin fela meðal annars í sér byggingu 45 herbergja hótels, 19 frístundahúsa, heilsumiðstöðvar með baðlóni, veitingastaðar og þryllupalls.</p> <p>Fyrirhugað framkvæmdasvæði er að mestu víðáttumikið óraskað votlendi, en votlendi af þessari stærð nýtur sérstakrar verndar í náttúruverndarlögum og er óheimilt að raska slíku „nema brýna nauðsyn beri til og sýnt þyki að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi“¹. Þá nær framkvæmdasvæðið niður að Stakkhamarsósi sem er stórt sandmaðksleirusvæði, en leirur njóta sömu verndar í náttúruverndarlögum og nefnt var hér að framan¹. Hvoru tveggja, votlendið og sandmaðksleiran, eru afar mikilvæg búsvæði fugla.</p> <p>Framkvæmdasvæðisins fellur enda innan alþjóðlega mikilvæga fuglasvæðisins „Borgarfjörður–Mýrar–Löngufjörur“², m.a. vegna mikilvægis strandsvæðisins sem viðkomustaður farfugla (t.d. rauðbrystings, sanderlu og jaðrakans) og fyrir álft og æðarfugl á fellitíma. Sömmuleiðis er fuglasvæðið eitt mikilvægasta varpsvæði hafarnar á Íslandi². Þá hefur sama svæði (undir nafninu „Mýrar-Löngufjörur“) verið tilnefnt af Náttúrufræðistofnun á framkvæmdaáætlun (B- hluta) náttúruinjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela.</p>	<p>Í kafla 3.5 í matsáætlun er greint frá þeim verndarsvæðum sem njóta verndar og framkvæmdin snertir. Fjallað verður um stöðu þessara svæða í umhverfismatskýrslu og verndarstaða verður viðmið við mat umhverfisáhrifa á gróður og fugla.</p> <p>Í aðdraganda þessa verkefnis hefur verið lögð áhersla að draga úr umfangi framkvæmda í þeim tilgangi að vernda og hlífa viðkvæmum svæðum og að mannvirki væru í nægilegri fjarlægð frá fjöru og frá arnaróðali á Laxárdalir. Unnið var vistgerðarkort af jörðinni og gerðar voru breytingar á útfærslu framkvæmdarinnar eftir þá kortlagningu. Einnig hefur verið hætt við fyrirhuguð áform um að koma þryllupalli fyrir á jörðinni.</p>
1	1.2	Fuglavernd	7.5	Fuglar	<p>Fyrirhugaðar framkvæmdir að Laxárdalir munu óhjákvæmilega fela í sér umfangsmikla röskun á votlendi svæðisins, bæði með vegagerð og byggingu hótels, frístundahúsa og annarra mannvirkja (sbr. úttekt Borgþórs Magnússonar á vistgerðum svæðisins sem finna má í viðauka matsáætlunarinnar). Þetta mun leiða til umtalsverðs búsvæðataps fyrir þá fugla sem nýta svæðið auk þess sem stórukin umferð fólks og farartækja er líkleg til að valda mikilli truflun. Ef borinn er saman þéttleiki mófugla í varpi að Laxárdalir, skv. fuglalífsúttekt þeirri sem finna má í viðauka matsáætlunarinnar, og þéttleiki mófugla í ýmsum búsvæðum á landsvísu, skv. úttekt Náttúrufræðistofnunar², kemur mikilvægi Laxárdalir fyrir mófugla fljótt í ljós. Þar er að finna gríðarháan þéttleika kjóa, háan þéttleika spóa, lóupræls og stelks, og töluverðan þéttleika jaðrakans. Af þessum tegundum telst kjói í hættu (EN), spói, lóupræll og stelkur í nokkurri hættu (VU), og jaðrakan í yfirvofandi hættu (NT) hér á landi samkvæmt valistaflökkun Náttúrufræðistofnunar³. Fjórar síðastnefndu tegundirnar teljast auk þess til ábyrgðartegunda Íslands⁴. Saman undirstrikar þetta mikilvægi Laxárdalir sem varplands mófugla og mikilvægi þess að svæðinu verði ekki raskað eða sæti truflunum af völdum manna.</p>	<p>Í umhverfismatinu verður fjallað um þær tegundir fugla sem þar finnast, hverjar þeirra séu líklegir varpfuglar og verndarstaða þeirra. Lagt verður mat á umfang búsvæðaröskunar vegna framkvæmda og áhrif hennar á fuglalíf og stofnstærðir varpfugla á framkvæmdasvæðinu og á landsvísu.</p>



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafl í UMS	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárdalir ehf.
1	1.3	Fuglavernd	7.5	Fuglar	Þó ekki séu fyrirhugaðar framkvæmdir á leirunni sjálfri má leiða líkur að því að truflun af völdum mannaferða, bílaumferðar og ekki síst þyrluflugs, verði það reglulegt yfir svæðið, muni verða umtalsverð. Þúast má við að leira af þessu tagi gegni veigamiklu hlutverki sem fæðuöflunar- og hvíldarstaður fyrir mikinn fjölda fugla, sérstaklega á fartíma vor og haust, og þá bæði fyrir íslenska varpfugla og umferðarfugla á leið til og frá hánorrænum varpstöðvum. Þetta eru tegundir eins og margæs, tjaldur, heiðlóa, sandlóa, jaðrakan, stelkur, lóupræll, sanderla, tildra og rauðbrystingur, en allar nema tvær fyrstnefndu tegundirnar teljast til ábyrgðartegunda Íslands4. Að lokum kemur fram í matsáætlun þessari og náttúrufræðisúttekt Árna Bragasonar (sem fylgdi með matsskyldu fyrirspurninni á sínum tíma) að virkt hafarnaróðal sé innan Laxárdalirjarðarinnar, með hreiðurstæði skammt frá fyrirhuguðum framkvæmdum. Haförn telst í hættu (EN) hér á landi samkvæmt valistaflokkun Náttúrufræðisöfnunnar3 og óheimilt er með lögum að koma nær hreiðrum þeirra en 500 m varptíma5. Hafarnir eru þekktir fyrir að vera einstaklega viðkvæmir fyrir allri truflun á varptíma og því er með öllu ótækt að ráðast eigi í umfangsmiklar framkvæmdir og ferðaþjónustu svo skammt frá virku og áður afskekktu arnarhreiðri. Verði af framkvæmdunum eins og þeim er lýst eru mestar líkur á að ábúð arna á þessu óðali heyri sögunni til.	Í umhverfismatinu verður fjallað um þær tegundir fugla sem þar finnast, hverjar þeirra séu líklegir varpfuglar og verndarstaða þeirra. Lagt verður mat á umfang búsvæðaröskunar vegna framkvæmda og á áhrif hennar á fuglalíf og stofnstærðir varpfugla á framkvæmdasvæðinu og á landsvísu. Hætt hefur verið við fyrirhuguð áform um að koma þyrlupalli fyrir á jörðinni.
1	1.4	Fuglavernd	7.5	Fuglar	Af framangreindu sést að Laxárdalirjarðin hefur að geyma afar mikilvæg búsvæði fyrir fjölda fugla af ólíkum tegundum og að þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru munu að öllum líkindum rýra verulega notagildi svæðisins fyrir þá fugla. Því er brýnt að vandað sé vel til verka við fuglahluta umhverfismatsins. Þær athuganir sem farið hefur verið í eru enn sem komið er ófullnægjandi til að fá fulla mynd af mikilvægi svæðisins fyrir fugla og því óásættanlegt að framkvæmdaraðilar hyggist láta hér við sitja.	Í ljós hefur komið að til viðbótar við þær talningar sem fram hafa farið eru til talningar af svæðinu og aðliggjandi svæðum frá mismunandi tímum árs. Til stendur að framkvæma eina talningu að vetri við Stakkhamar og eina að vori og eru þær talningar, auk þeirra sem til eru, taldar vera fullnægjandi til að meta áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf leirunnar.
1	1.5	Fuglavernd	7.5	Fuglar	Þegar hafa farið fram hefðbundnar sniðtalningar til að meta þéttleika mófugla í varpi á svæðinu og gerir Fuglavernd ekki athugasemd við þá úttekt (sjá viðauka matsáætlunarinnar), þó æskilegt væri að endurtaka slíka talningu að ári til að fá betri mynd af breytileika milli ára. Slíkar sniðtalningar, þar sem sniðlínur eru lagðar út nokkuð handahófskennt um svæðið og síðan gengið eftir þeim og fuglar beggja vegna línunnar taldir og fjarlægð þeirra skráð, gagnast vel þegar fuglar verpa tiltölulega jafndreift um svæðið eins oft er raunin með mófugla. Þær ná þó illa utan um fuglategundir sem verpa mjög hnappdreift eða í mjög afmörkuðum búsvæðum, s.s. vatnafugla. Fram kemur í náttúrufræðisúttekt Árna Bragasonar að lómur hafi verið með unga á tjörn innan svæðisins og því þyrfti að kanna með skipulögðum hætti fjölda lóma (og annarra vatnafugla) í varpi á þeim fjölda smátjarna sem þar eru. Sömuleiðis þyrfti að kanna hvort að á ánum sé að finna straumendur, gulendur eða aðra vatnafugla.	Við hefðbundnar talningar á varpfuglum eru einnig skráðir fuglar sem sjást og eru ekki taldir vera verpanði. Í athugun á varpfuglum sást lómar, hettumáfar og kríur t.d. sem ekki voru talin í varpi. Eins og segir í athugasemdinni þá sást lómur með unga og lómur því þekktur varpfugl á svæðinu. Framkvæmdin mun ekki ná til ána á svæðinu að frátalinni lagningu vatnsleiðslu yfir Laxá og verða mannvirki í meira en 50 m fjarlægð frá Laxá. Umferð gangandi manna verður á rekstartíma og hefur áhrif á fugla líkt og umferð stangveiðimanna hefur nú.



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kaflí í UMS	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárþakki Resort ehf.
1	1.6	Fuglavernd	7.5	Fuglar	Þegar hafa farið fram þrjár talningar á leirusvæðinu við Stakkhamarsós; þann 10. júní, 25. september og 22. október. Fuglavernd gerir ekki athugasemd við talningarnar sem slíkar en augljóst er að þeim þarf að fjölga til muna til að fá gleggri mynd af notagildi leirunnar fyrir fugla. Líkt og skýrsluhöfundar fuglalífsúttektarinnar benda á (sjá viðauka matsáætlunarinnar), sárvantar talningar á leirusvæðinu að vori. Vorfar fugla er að mestu yfirstaðið í kringum 10. júní þegar talið var og því nauðsynlegt að telja fyrr um vorið. Sömuleiðis eru talningarnar 25. september og 22. október heldur seinar fyrir margar vaðfuglategundir, líkt og skýrsluhöfundar benda á. Þar sem samsetning fuglalífs breytist hratt yfir fartíma að vori og hausti er nauðsynlegt að vera með endurteknar talningar sem dreift er nokkuð jafnt yfir fartímann. Fuglavernd leggur því til að leiran og lónið verði talin (með sambærilegum hætti og gert hefur verið) eigi sjaldnar en vikulega frá byrjun apríl til loka maí um vorið og eigi sjaldnar en á tveggja vikna fresti frá lokum júlí fram í miðjan október um haustið. Með því að hefja talningar síðsumars (í lok júlí) má sömuleiðis fá mynd af fjölda álfta í felli á svæðinu. Þá er ekki ólíklegt að leiran sé mikilvægur vetursetustaður fyrir ýmsar tegundir, t.d. tjald, og því nauðsynlegt að telja leiruna a.m.k. tvisvar yfir veturinn, áður en farfuglar taka að streyma til landsins.	Í ljós hefur komið að til viðbótar við þær talningar sem fram hafa farið eru til talningar bæði af svæðinu og aðliggjandi svæðum frá mismunandi tímum árs. Til stendur að framkvæma eina talningu að vetri við Stakkhamar og eina að vori og eru þær talningar, auk þeirra sem til eru, taldar vera fullnægjandi til að meta áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf leirunnar.
2	2.1	Landvernd	1.1	Markmið framkvæmda	Í þessum kafla kemur fram í matsáætlun það mat framkvæmdaðila að lítið framboð sé af ferðaþjónustu í hæsta gæðaflokki á Íslandi. Landvernd hefur ekki yfirsýn á hvernig slíkt mat fer fram eða hvort það eru til einhverjir viðurkenndir gæðastaðlar í gistingu á Íslandi. Landvernd vill því kalla eftir við Skipulagsstofnun að framkvæmdaðili sýni fram á með rökum meintan skort á gæðum í gistiþjónustu hér á landi. Hvort eftirspurn er eftir gistingu á viðkomandi svæði er annað matsatriði sem þarf þá að vera sýnt að sé til staðar. Spyrja þarf um hvort liggja fyrir greining af hálfu viðkomandi sveitarfélags á þolmörkum ferðaþjónustu innan svæðisins en Skipulagsstofnun hlýtur að horfa til þess í auknum mæli að kalla eftir slíku mati í ljósi stórauðinnar uppbyggingar ferðatengdra þjónustu um allt land.	Athugasemd er beint til Skipulagsstofnunar og krefst ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.
2	2.2	Landvernd	4	Framkvæmd	Skipulagssvæðið er stórt og staðhættir margbreytilegir og hátt verndargildi þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil. Landvernd hvetur til þess að að framkvæmdaðila verði gert að draga úr umfangi framkvæmda til þess að hlífa þeim svæðum sem viðkvæmust eru. Innan svæðis er arnaróðal og skýra þarf hvernig haga á umferð í nálægð við það þannig að falli að lögum sem um það gilda og ekki verði truflun af.	Í aðdraganda þessa verkefnis hefur verið lögð áhersla að draga úr umfangi framkvæmda í þeim tilgangi að vernda og hlífa viðkvæmum svæðum og að mannvirki væru í nægilegri fjarlægð frá fjöru og frá arnaróðali á Laxárþakka. Unnið var vistgerðarkort af jörðinni og gerðar voru breytingar á útfærslu framkvæmdarinnar eftir þá kortlagningu. Einnig hefur verið hætt við fyrirhuguð áform um að koma þyrlupalli fyrir á jörðinni.
2	2.3	Landvernd	7.4, 7.5	Gróður, Fuglar	Þá er mikilvægt, að mati Landverndar, að áhrif vegna vegagerðar innan skipulagssvæðisins verði rannsökuð, því nýlagning vega sem er áætluð og fram kemur á skýringarmynd 4.1. getur haft afdrifarík áhrif á vistgerðir, fuglalíf og vatnasvið.	Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á áhrif framkvæmda þ.m.t. veglagningar á vatnafar, vistgerðir og fugla.



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafli í UMS	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárþakki Resort ehf.
2	2.4	Landvernd	7.2	Vatn og vatnshlot	Mikilvægt er að skipulagssvæðið verði rannsakað nánar sem heildstætt vatnshlot með hliðsjón af votlendi, straumvatni í Laxá svo og strandsjó en svæðið er með hátt verndargildi á B-hluta náttúruminjaskrár þar sem svæðið er tilnefnt m.a. vegna vistgerðar, fugla og sela og er skilgreint árósarvatnshlot Löngufjörur á vatnavefsja (104-40-T). Sem fram kemur er hluti skipulagssvæðisins skilgreindur innan fuglasvæðis „Borgarfjörður-MýrarLöngufjörur“ sem hefur mikið verndargildi sem kallar á að lagt verði mat á alla þætti og um leið að framkvæmdaaðilar svari hvernig þeir hyggjast verja svæðið með tilliti til áforma og uppbyggingar vegna umferðar fólks um verndarsvæðið. Fram kemur í matsáætlun að jörðin, og áformað framkvæmdasvæði sé að miklum hluta lítt raskað votlendi sem kallar á sérstaka varúðarnálgun að mati Landverndar. Utan vistgerða á landi og fjölbreytts lífríkis er að þessu viðbættu svokallaður Stakkhamarsós, stórt sandmaðksleirusvæði sem nýtur sérstakrar verndar sem fæðuöflunarsvæði fyrir margar fuglategundir og þá sér í lagi vaðfugla.	Í umhverfismati verður sérstaklega metið hvort staðsetning og umfang fyrirhugaðra framkvæmda geti haft áhrif á vatnshlot á svæðinu og tengd landvistkerfi, bæði á framkvæmda- og rekstrartíma. Leitað verður sérfræðilits til að meta áhrif á árósarvatnshlotið við strandlengjuna og innan Stakkhamarsóss. Matið verður unnið í samræmi við lög nr. 36/2011 og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar, með það að markmiði að tryggja að ástand vatnshlota rýrni ekki og að umhverfismarkmið náist.
2	2.5	Landvernd	7.2	Vatn og vatnshlot	Ef tekið er mið af mynd 5.1 verður ekki annað séð en að stærstur hluti af ágengustu framkvæmdum og starfsemi fari fram á því svæði sem mest lífríki er að finna. Uppbygging stefnir verndargildi svæðisins í hættu á framkvæmdatíma og á starfstíma. Meta þarf möguleg áhrif á lífríki svæðisins m.a. vegna vinnuvéla og umferðar fólks. Sérstök ástæða er til þess að meta það svæði sem skilgreint er sem Árósarvatnshlot, þ.e. við strandlengjuna og framan við hana og allt vatnshlotið innan við Stakkhamarsós.	Í umhverfismati verður sérstaklega lagt mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á árósarvatnshlotið við strandlengjuna og innan Stakkhamarsóss, bæði á framkvæmda- og rekstrartíma. Leitað verður sérfræðilits til að meta áhrifum á árósarvatnshlotið. Í mati á áhrifum á vatnshlot verður gerð grein fyrir öllum áhrifum sem kunna að hafa áhrif á vatn, þ.á.m. vegna jarðvinnu, umferð vinnuvéla og umferðar fólks, og þau metin sérstaklega með tilliti til viðeigandi gæðapátta. Markmið matsins er að meta hvort framkvæmdin geti haft áhrif á ástand vatnshlotsins eða komið í veg fyrir að sett umhverfismarkmið náist.
2	2.6	Landvernd	7.2	Vatn og vatnshlot	Í ljósi þess hve viðtaki er viðkvæmur telur Landvernd að ekki verði gefinn afsláttur af því að þriggja þrepa hreinsun verði sett upp og til að fyrirbyggja neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni svæðisins. Viðtaki tengist Löngufjörum þar sem er að finna grunnvatn, votlendi, straumvatn og árósarvatn. Tvær laxveiðiar tengjast svæðinu beint og óbeint, Laxá og Straumfjarðará. Sé horft til landfræðilegra staðhátta er ljóst að sjór innan við hinn þrönga Stakkhamarsós er í mögulegri eða mikilli hættu á að verða fyrir uppsöfnun vegna ónógra vatnsskipta. Það er grundvallaratriði að vinna ítarlegt mat á viðtökum við strandlengjuna við áhættuþáttum uppsöfnunar frá sérstaklega þá fráveitu og svo vegna losunar frá baðvatni, pottum og laugum innan svæðis sem innihalda klór og e.t.v. fleiri óæskileg efni. Landvernd vill ef af framkvæmdum verður, leggja til í ljósi varúðarnálgunar að öll fráveita frá starfsemi innan svæðisins verði leidd hæfilega langt út fyrir Stakkhamarsós út í hafstrauma svo ekki hljóttist mengun af.	Í umhverfismati verður sérstaklega metið hvort staðsetning og umfang fyrirhugaðra framkvæmda geti haft áhrif á vatnshlot á svæðinu og tengd landvistkerfi, bæði á framkvæmda- og rekstrartíma. Leitað verður sérfræðilits til að meta áhrif á árósarvatnshlotið við strandlengjuna og innan Stakkhamarsóss. Matið verður unnið í samræmi við lög nr. 36/2011 og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar, með það að markmiði að tryggja að ástand vatnshlota rýrni ekki og að umhverfismarkmið náist. Einnig er vísað til ábendinga Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um fráveitumál á Laxárþakka (3.1) og viðbrögð framkvæmdaraðila við þeim.
2	2.7	Landvernd	4.3, 7.5	Vegir, Fuglar	Um leið og Landvernd minnr á gæði þessa svæðis og náttúruvernd er falin í mikilli líffræðilegri fjölbreytni vakna spurningar um hversu vel regluleg þyrluumferð og þyrlupallur eigi heima innan slíks svæðis sem er þekkt af fuglalífi. Landvernd vill að lagt verði mat á samlegð þyrluumferðar og upplifunar á því sem hér er að framan nefnt gisting í hágæðaflokk. En fyrst af öllu er þó krafa að metin verði sérstaklega áhrif þyrluflugs á fuglalíf. Hávaði frá þyrlum er mikill og efast Landvernd um að slík umferð eigi heima svo nálægt stað þar sem verndargildi er metið svo hátt.	Hætt hefur verið við fyrirhuguð áform um að koma þyrlupalli fyrir á jörðinni.



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafl í UMS	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárakki Resort ehf.
2	2.8	Landvernd	4	Lýsing framkvæmdar	Landvernd myndi helst óska þess að framkvæmdaaðilar hætti svo stórtæk áform. Ef ekki verði að draga úr þeim með hliðsjón af viðkvæmri náttúru svæðisins og treysta verður á að allar þær stofnanir sem koma að málum gefi ekki slaka á kröfum þannig að verndargildi svæðisins verði fyrir varanlegum skaða.	Áform framkvæmdaraðila eru að byggja upp ferðapjónustu á Laxárakka. Tilgangur umhverfismats framkvæmdarinnar m.a. ætlað að tryggja að áhrif framkvæmdarinnar séu metin áður en ákvarðanir um leyfisveitingar eru teknar og hvernig bregðast megi við neikvæðum áhrifum með mótvægisáðgerðum og við hönnun mannvirkja.
3	3.1	Náttúrustofa Vesturlands	4	Lýsing framkvæmdar	Um er að ræða framkvæmd sem dreifist yfir stórt votlent svæði með hátt verndargildi, sem að mestu er óraskað af mannavöldum. Jaðaráhrif mannvirkja á umhverfi eru líkleg til að verða veruleg. Hlutfallsleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru því líkleg til að verða mjög mikil.	Jörðin Laxárakki eru ekki ósnortin af mannavöldum þar sem búskapur hefur verið stundaður þar til langs tíma. Þó að jörðin sé komin í eyði þá er hún ennþá í landbúnaðarnotum. Fjallað verður um heildaráhrif framkvæmdarinnar í umhverfismatsskýrslu í samræmi við matsáætlun.
3	3.2	Náttúrustofa Vesturlands	7.4, 7.5	Gróður, Fuglar	Votlendi þekur mestallt fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdanna og skv. skýrslu í gögnum málsins (Borgþór Magnússon 2025) eru tvær votlendisvistgerðir ríkjandi með um 83% af flatarmáli svæðisins, þ.e. brokflóavist (51,5%) og tjarnarstararflóavist (31,8%). Báðar þessar vistgerðir hafa mjög hátt verndargildi.2 Náttúrufræðistofnun mat verndargildi vistgerða á Íslandi upphaflega út frá fágæti, tegundaauði (sem mælikvarði á líffræðilega fjölbreytni), grósku og kolefnisforða jarðvegs3 en síðan var verndargildið endurmetið og þá bætt við hvort vistgerð væri á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem taldar væru þurfa sérstaka vernd, fjölbreytni fuglalífs í vistgerð, mikilvægi vistgerðar fyrir sterka fuglastofna og mikilvægi vistgerðar fyrir vástategundir æðplantna.4 Víðáttumikil fjara er í Stakkhamarsósi neðan Laxárakka við ósa Straumfjarðarár, Laxár og Kleifár. Stakkhamarsnes og Ytra Skógarnes mynda rif utan við ósinn og loka hann næstum af, þ.a. að Stakkhamarsós er sjávarlón. Í ósnum eru einkum sandmaðksleirur, sem hafa hátt verndargildi og eru mikilvægar fuglum til fæðuöflunar. Sagt er frá forkönnun fuglalífs á Stakkhamarsósi í gögnum málsins (Alex Máni Guðríðarson, Britta Steger og Björn Hjaltason 2025) þar sem sáust 29 fuglategundir í einni talningu í júní og 24 í tveim talningum að hausti, samtals 33 tegundir. Mest ar af vaðfuglum, sérstaklega heiðlóu, lóupræl, stek, tildru, sandlóu, rauðbrystingi og tjaldi, en einnig sáust t.a.m. sanderlur, jaðrakanar og ein vaðlatíta (amerískur flækingur). Talsvert var af andfuglum, sérstaklega álf, margæs, stökkönd og æðarfugli en einnig brandönd, margæs og urtönd. Þá var þar hópur kría og á annað hundrað máfa í júní og allstór hópur hettumáfa, auk annarra máfa, um haustið. Í vortalningunni voru 52 svartbakar á lóninu en svartbakur er metinn í bráðri hættu á vástu Náttúrufræðistofnunar.4 Á landi er þétt varp mófugla, þar sem þéttleiki lóupræls, spóa og kjóa var mældur mjög hár miðað við önnur svæði. Fyrri tvær tegundirnar eru ábyrgðartegundir á Íslandi og allar þrjár eru á vástu Náttúrufræðistofnunar; lóupræll og spói í nokkurri hættu (VU) og kjói í hættu (EN). Virkt hafarnarhreiddur, sem nýtur verndar skv. 19. gr. villdíralaganna,5 er í næsta nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis en íslenski stofninn er smár og metinn í hættu (EN).6 Þá er vel þekkt að hafarnir eru einstaklega viðkvæmir og yfirgefa varp við minnstu truflun. Val þeirra á hreiðurstöðum fjarri mannaferðum ber þessu vitni. Verndargildi framkvæmdasvæðisins er augljóslega mjög hátt vegna mikils flatarmáls samfellds óraskaðs votlendis með vistgerðum sem hafa mjög hátt verndargildi og stórs leirusvæðis með hátt verndargildi. Ofan á það bætist mikil tegundafjölbreytni og þéttleiki fugla á landi og að virkt arnarhreiddur sé	Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar verður tekið mið af fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum um vistgerðir, fuglalíf og verndargildi svæðisins. Áhrif framkvæmdarinnar á votlendi, fjöru og lífríki verða metin sérstaklega með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þ.m.t. 61. gr. laganna. Fjallað verður um mismunandi valkosti og mótvægisáðgerðir sem miða að því að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar og lágmarka röskun á verðmætum vistkerfum eftir því sem unnt er, auk þess sem tekið verður tillit til stöðu svæðisins í stærra samhengi, þar á meðal verndargildis þess á lands- og alþjóðavísu.



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafl í UMS	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárdalshreppur ehf.
					<p>inni á áhrifasvæði framkvæmdanna.</p> <p>Víðáttumikil votlendi eins og þetta njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og það gera einnig leirur eins og í Stakkhamarsósi. Í greininni segir um þessi svæði: „Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til.“⁷ Laxárdalshreppur er hluti af stærra svæði sem er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (IBA, BorgarfjörðurMýrar-Löngufjörur) og er sömuleiðis hluti af svæðinu Mýrar-Löngufjörur, sem Náttúrufræðistofnun tilnefndi á B-hluta náttúruminjasrár vegna vistgerða, fugla og sela.⁸ Síðast en ekki síst, þá hafa sveitarfélögin á Snæfellsnesi, þar á meðal Eyja- og Miklaholtshreppur, um árabil tekið þátt í verkefni til að auka sjálfbærni samfélaganna á Snæfellsnesi og hafa sveitarfélögin flaggað vottun EarthCheck frá árinu 2008. Árið 2025 bættu sveitarfélögin annarri rós í hnappagatið og er Snæfellsnes nú einn af vistvöngum UNESCO, sem er hluti af verkefninu Man and the Biosphere (MAB) Programme (https://www.unesco.org/en/mab/snaefellsnes). Aukin sjálfbærni er aðalmarkmið beggja verkefnanna, þar á meðal vernd líffræðilegrar fjölbreytni.</p>	



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kaflí í UMS	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárþakki Resort ehf.
3	3.3	Náttúrustofa Vesturlands	7.5	Fuglar	<p>Í júní 2025 voru framkvæmdar sniðtalningar á mófuglum til að meta þéttleika varps þeirra á svæðinu. Um er að ræða hefðbundna mælingu sem ekki eru hér gerðar athugasemdir við. Þó er vitað að breytileiki í þéttleika getur verið talsverður á milli ára og væri því æskilegt að endurtaka slíkar mælingar yfir a.m.k. 2-3 ár.</p> <p>Á Stakkhamarsósi, þ.e. leirunum neðan Laxárþakka, voru fuglar taldir þrisvar sinnum (júní, september og október 2025). Ekki er gerð athugasemd við útfærslu þeirra talninga en gagnaöflunarátakið var víðs fjarri því að gefa nægilega skýra mynd af mikilvægi leirunnar fyrir fugla sérstaklega á fartíma að vori og síðsumars/að hausti. Af fenginni reynslu undirritaðs og fleiri af slíkum talningum (Náttúrustofa Vesturlands hefur undanfarin ár vaktað fugla á leirum í Helgafellssveit á fartíma að vori – sjá t.d. bls. 10 í 9), þá er gjarnan mikill breytileiki í fjölda fugla innan sjávarfallasveiflunnar vegna flakks fugla á milli leirusvæða innan hvers dags og á milli daga. Þar fyrir utan er mikil hreyfing og gegnumstreymi fugla yfir fartíma að vori og síðsumars/að hausti og vegna flakks á milli varpstaðar og fæðuöflunarstaða. Til að fá góð gögn um mikilvægi hvernar leiru þarf því margar og þéttar talningar, sérstaklega yfir fartíma. Til að auka enn á flækjustigið er fartími mismunandi tegunda ólíkur og því engin ein tímasetning sem hentar til að afla gagna um allar tegundir. Undirritaður telur því að gera eigi þá kröfu að Stakkhamarsós verði talinn að lágmarki vikulega frá miðjum apríl til maíloka (fartími að vori) og svo aftur vikulega frá 20. júlí – 10. október. Þar fyrir utan er vitað að leirurnar á Löngufjörum eru mikilvægar fyrir fjölda tjalda sem hafa vetursetu á svæðinu en litlar sem engar athuganir hafa þó farið fram á Stakkhamarsósi að vetrarlagi. Líklegt er þó að hann sé á meðal þeirra svæða sem eru þessum hópi (mögulega allt að nokkrum þúsundum fugla) mikilvæg. Því ætti að gera kröfu um að telja ósinn nokkrum sinnum í febrúar og mars. Án þessara viðbótarathugana vantar hluta af myndinni um mikilvægi þessarar leiru fyrir fugla og gögnin gagnast framkvæmdaaðila til að aðlaga framkvæmdina þannig að hún hafi minni neikvæð umhverfisáhrif á framkvæmda- og rekstartíma.</p>	<p>Í ljós hefur komið að til viðbótar við þær talningar sem fram hafa farið og kynntar voru í matsáætlun, eru til talningar af svæðinu og frá aðliggjandi svæðum frá mismunandi tímum árs. Til stendur að framkvæma eina talningu að vetri við Stakkhamar og eina að vori og eru þær talningar, auk þeirra fyrir liggja, taldar vera fullnægjandi til að meta áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf leirunnar.</p>
3	3.4	Náttúrustofa Vesturlands	7.4	Gróður	<p>Gera þarf ítarlegri leit að plöntutegundum á svæðinu – með áherslu á válistategundir. Hana þarf að framkvæma að sumarlagi (helst júlí-ágúst) þegar greining tegunda er auðveldari. Í skýrslu í gögnum málsins (Róbert Ívar Arnarsson 2025) um þá leit sem farið hefur fram kemur skýrt fram að hvorki var rannsóknarátakið nægilegt né árstíminn heppilegur. Í niðurlagi skýrslunnar segir: „Vegna umfangs svæðis og breytileika votlenda þá þarf fleiri daga til að sinna þessu verkefni á fullnægjandi hátt og tímasetja úttekt með tilliti til vaxtartíma æðplantna. Undirritaður telur úttektina vera ófullnægjandi m.t.t. stærðar votlendisins og tíma árs er úttektin fór fram“ en Róbert Ívar gekk um svæðið í einn dag, þann 15. september. Ljóst er því að bæta þarf við þessa rannsókn.</p>	<p>Framkvæmdaraðili hyggst láta framkvæma ítarlegri æðplöntuskráningu á Laxárþakka sumarið 2026.</p>



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafl í UMS	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárþakki Resort ehf.
3	3.5	Náttúrustofa Vesturlands	7.5	Fuglar	<p>Gert er ráð fyrir þyrlupalli á svæðinu og nokkurri umferð um hann, jafnvel þótt um sé að ræða þétt varpland fugla og mikla nálægð við virkt arnarhreiður. Öll umferð er óheimil innan 500 metra frá arnarhreiðrum fimm mánuði ársins nema um hefðbundnar nytjar sé að ræða og þarf að sýna ýtrustu varfærni og forðast að trufla fuglana.10 Náttúrustofa Vesturlands hefur tekið ríkan þátt í vöktun arnarstofnsins í aldarfjórðung og af þeirri reynslu fullyrðir undirritaður að arnarvarp leggist af á þessum stað verði þyrluflug leyft á fyrirhuguðum stað, jafnvel þótt pallurinn verði í mun meiri fjarlægð en 500 m frá hreiðrinu. Breytir þá líklega engu hvort umferðartími þyrna verði takmarkaður. Þyrluflug ofan í þéttu varplandi fugla myndi einnig valda verulegri truflun þar, auk þess sem fuglar á leirunni myndu sópast í burtu í hvert sinn sem þyrna færi yfir svæðið. Slík truflun hefur svipuð eða verri áhrif á fugla en nærvera afræningja, eykur orkunotkun, og þar með orkuþörf, sem getur dregið úr varpárangri og lífslíkum þeirra.11 Undirritaður sér ekki hvernig hægt væri með góðu móti að takmarka áhrif af lágflugi og hávaða sem af þyrluflugi stafar á þessum stað og leggst því eindregið gegn því að slíkt verði heimilað. Haldist áformin óbreytt þarf að rannsaka sérstaklega hvaða áhrif þyrlupallur og þyrluumferð gætu haft á fuglalíf svæðisins.</p>	Hætt hefur verið við fyrirhuguð áform um að koma þyrlupalli fyrir á jörðinni.
3	3.6	Náttúrustofa Vesturlands	7.5	Fuglar	<p>Gert er ráð fyrir mikilli uppbyggingu innviða á svæði sem í dag hefur enga. Það felur m.a. í sér veglagningu og byggingu húsnæðis. Nýir vegir verða samtals 13,4 km. Nýleg rannsókn við íslenskar aðstæður sýnir að vegir, jafnvel fremur fáfarnir vegir, hafa veruleg neikvæð áhrif á þéttleika mófugla. T.a.m. var þéttleiki fugla að jafnaði um 20% lægri innan við 200 metra frá vegi en á milli 200 og 400 metra frá. Þegar litið var á einstakar tegundir var þéttleiki spóa, heiðlóu, lóupræl og þúfutittlings tölfræðilega marktækt lægri nærri vegum.12 Á Laxárþakka er sérlega þétt varp spóa og lóupræls, auk þess sem heiðlóur og þúfutittlingar verpa líka á svæðinu. Að auki má draga fram það sem Borgþór Magnússon (2025) nefnir í skýrslu sinni um að vegurinn sé líklegur til að hafa áhrif á og í einhverjum tilfellum hindra eðlilegt flæði vatns um votlendissvæðið. Það gæti árstíðabundið eða varanlega breytt vatnsstöðu á svæðinu og þar með bæði gróðurfari og dýralífi, sem hefði áhrif langt út fyrir sjálft vegstæðið og næsta nágrenni. Talsverðu landi verður líka raskað vegna bygginga og lagningar bílastæða og þyrlupalls. Skv. gögnum málsins er heildarflatarmál þessa um 30 þúsund fermetrar og er þá ekki tekið tillit til rasks umhverfis hverja einingu. Vegna þess að talsvert af mannvirkjum verður í votlendi þarf væntanlega að þurrka svæði og grafa burtu mjög mikið af jarðvegi. Við það eyðast rík búsvæði og talsvert losnar af kolefni út í andrúmsloftið úr kolefnisríkum jarðvegi. Nýleg íslensk rannsókn sýndi fram á að jaðaráhrif bygginga á þéttleika mófugla geta verið veruleg og þau hámarkast við að dreifa byggingum um stórt svæði, eins og fyrirhugað er að Laxárþakka. Áhrif af húsum voru tölfræðilega marktækt neikvæð á þéttleika heiðlóu, jaðrakans, stelks, spóa og þúfutittlings og námu 34-95% fækkun miðað við svæði þar sem engar byggingar voru, þrátt fyrir að byggingar þektu aðeins 6% svæðisins þar sem fækkunin varð.13 Auk tilkomu bílaumferðar er augljóst að fólk mun ganga um svæðið í grennd við byggingarnar, m.a. eftir göngustígum sem lagðir verða. Þetta mun valda truflun fyrir fuglalíf, bæði við Stakkhamarsós, á arnaróðali og á nærliggjandi varpsvæðum mófugla. Truflunin virkar á sambærilegan hátt og truflun frá afræningjum, þ.e. hún eykur streitu og lækkar þar með varpárangur og lífslíkur</p>	<p>Í umhverfismatinu verður fjallað um þær tegundir fugla sem þar finnast, hverjar þeirra séu líklegir varpfuglar og verndarstaða þeirra. Lagt verður mat á umfang búsvæðaröskunar vegna framkvæmda og á áhrif hennar á fuglalíf og stofnstærðir varpfugla á framkvæmdasvæðinu og á landsvísu. Við mat áhrifa á fugla verður fjallað um möguleg jaðaráhrif. Þá verða metin áhrif á haförninn á framkvæmda- og rekstartíma. Hætt hefur verið við fyrirhuguð áform um að koma þyrlupalli fyrir á jörðinni.</p>



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafla í UMS	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárþakki Resort ehf.
					fuglanna.14 Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar þarf að leggja magnbundið mat á tap varpfugla og mögulega fækkun fugla á Stakkhamarsósi að teknu tilliti til breytingar á svæðinu og truflunar af mannavöldum.	
3	3.7	Náttúrustofa Vesturlands	7.7	Samfélag/Umhverfissvottanir	Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa að mörgu leyti verið í fararbroddi þegar kemur að umhverfismálum undanfarna áratugi. Birtingarmyndir þess eru m.a. að þau geta státað sig af því að bera umhverfissvottun EarthCheck (áður Green Globe) frá árinu 2008 og árið 2025 varð Snæfellsnes að vistvangi UNESCO (Man & Biosphere). Eitt af mikilvægustu markmiðum slíks starfs er varðveisla líffræðilegrar fjölbreytni en ekki verður annað séð en að fyrirhugaðar framkvæmdir á Laxárþakka gangi freklega gegn því markmiði og að ná mætti markmiðum framkvæmdarinnar á mun umhverfissvænni hátt. Samþykkt sveitarfélagsins á framkvæmdinni í þessari mynd hlýtur því að ógna áðurnefndum tveim vottunum.	Athugasemd snýr fremur að sveitarfélaginu en að framkvæmdaraðila.
3	3.8	Náttúrustofa Vesturlands	4	Lýsing framkvæmdar	Framkvæmd af þessu tagi myndi alls staðar valda einhverjum neikvæðum umhverfisáhrifum. Þessi tiltekna staðsetning og hátt verndargildi náttúrunnar sem þar má finna gerir þó að verkum að áhrifin verða meiri en ella. Þó mætti draga verulega úr neikvæðum umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á þrennan hátt: <i>Byggja annars staðar</i> Með tilliti til náttúrunnar og líffræðilegrar fjölbreytni væri miklu betri kostur að þessi uppbygging færi fram á svæði þar sem fyrir eru innviðir, s.s. rafmagn, neysluvatn og fráveita. Innan sveitarfélagsins má t.d. benda á Laugagerðisskóla og nágrenni. Uppbygging á því svæði hefði fjarri því eins neikvæð áhrif á umhverfi sitt og uppbygging á Laxárþakka. <i>Fækka stökum byggingum og þétta byggð</i> Neikvæð jaðaráhrif framkvæmda eru nálægt því að vera háværkuð með fyrirhugaðri útfærslu. Talsvert mætti draga úr þeim með því að fækka byggingum (og stækka) og byggja þær í einni þyrpingu í stað þess að dreifa um stórt svæði. <i>Ekki leyfa þyrlupall</i> Fyrirséð er að þyrlupallur og notkun hans á svona svæði myndi hafa mjög mikil og óásættanleg neikvæð umhverfisáhrif. Alls ekki ætti að leyfa slíkt. Verði þyrlupallur talinn nauðsynlegur verður að staðsetja hann utan votlendis og fjarri ströndinni, á svæði þar sem þegar eru aðrir innviðir, s.s. hús og vegir. Einnig þarf að ákveða fastar flugleiðir að og frá honum, þannig að flogið yrði fjarri arnarhreidrinu, leirum og votlendissvæðum.	Svör við þremur atriðum í athugasemd Náttúrustofu Vesturlands eru eftirfarandi: <i>Byggja annars staðar</i> Framkvæmdaraðili leggur fram til umhverfismats þá framkvæmd sem lýst er í matsáætlun. Þau áform fela ekki í sér að skoða uppbyggingu ferðaþjónustu við Laugagerðisskóla. <i>Fækka stökum byggingum og þétta byggð</i> Áfram verða skoðaðir möguleikar á því að fækka byggingum og þétta byggð innan framkvæmdasvæðisins. <i>Ekki leyfa þyrlupall</i> Hætt hefur verið við fyrirhuguð áform um að koma þyrlupalli fyrir á jörðinni.
3	3.9	Náttúrustofa Vesturlands	7.4, 7.5	Gróður, Fuglar	Áformuð uppbygging Laxárþakki Resort ehf. á jörðinni Laxárþakka á sunnanverðu Snæfellsnesi, Eyja- og Miklaholtshreppi, er innan mjög merkilegs náttúrusvæðis með hátt verndargildi. Hönnun framkvæmdarinnar er líkleg til að hafa veruleg neikvæð umhverfisáhrif og valda miklum jaðaráhrifum, m.a. á mófugla sem standa höllum fæti skv. valista Náttúrufræðistofnunar en einnig er nær öruggt að arnarvarp leggist af á nærliggjandi óðali. Ekki verður séð að tala megi um „brýna nauðsyn“ á þessari framkvæmd, sem þó er forsenda þess að réttlæta megi röskun á víðfeðmu votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaganna.15 Þörf er á mun ítarlegri rannsókn til að meta áhrif framkvæmdanna á fuglalíf og gróður og eru þær viðbótarrannsóknir	Til viðbótar við fyrirbyggjandi rannsóknir á gróðri og fuglalífi er áformað að láta framkvæma frekari rannsóknir á gróðri og fuglalífi. Grasafræðingur mun fara í æðplöntuskráningu sumarið 2026. Einnig stendur til að framkvæma eina fuglatalningu að vetri við Stakkhamar og eina að vori. Þær talningar, auk þeirra sem fyrir liggja nú þegar, eru taldar vera fullnægjandi til að meta áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf leirunnar.



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafl í UMS	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárdalir Resort ehf.
					raktar hér að framan. Sömuleiðis eru lagðar til aðgerðir sem á hönnunarstigi myndu draga verulega úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdanna.	
4	4.1	Ungir umhverfissinnar	7,5	Fuglar	<p>Ungir umhverfissinnar vilja koma á framfæri athugasemdum vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæði sem hefur afar hátt náttúruverndargildi, bæði á landsvísu og alþjóðavísu. Um er að ræða hluta af stærra svæði sem hefur verið skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði en slík fuglasvæði eru flokkuð í þrjú flokka: sjófuglabýggðir, fjörur eða grunnsævi og votlendi eða önnur svæði inn til landsins og fellur þetta land undir alla þessa flokka 1. Svæðið er jafnframt á tillögum Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár og einkennist það af lífríku, lítið röskuðu votlendi þar sem má finna m.a. forgangsvistgerðir og vötn sem oft eru samtengd og nýtur því verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga2. Þá eru þar einnig stór sellátur sem allt að 87% allra landsela á Faxaflóa nýta sér. Þetta er eina svæðið á B-hluta skrárinnar sem uppfyllir fimm af sex meginviðmiðum hennar, sem undirstrikar enn frekar verndargildi svæðisins3,4. Í ljósi þessa er mikilvægt að skoða áhrif framkvæmdarinnar á svæðið í heild. Fjöldmörg atriði má nefna í því samhengi og viljum við leggja áherslu á nokkur þeirra sem við teljum sérstaklega mikilvæg.</p> <p>Eins og fram hefur komið er fyrirhugað framkvæmdasvæði skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Þúsundir fugla nýta sér svæðið allt árið um kring, bæði á varptíma og utan hans. Haförn er ein þeirra tegunda sem má finna þar allt árið um kring. Á framkvæmdasvæðinu er virkt arnaróðal og gilda um slík svæði afar strangar reglur og lög 5. Matsáætlunin fjallar ekki með fullnægjandi hætti um hvernig tryggt verði að farið sé eftir þessum lögum og reglum. Örninn er alfriðaður á Íslandi og stofninn í mjög viðkvæmri stöðu. Mjög miklar líkur eru á að framkvæmdirnar, byggingarnar, vegir og aukin umferð fólks muni koma í veg fyrir að ernir nýti þennan varpstað aftur. Það er því nauðsynlegt að umhverfismatið meti sérstaklega möguleg áhrif framkvæmdarinnar á arnaróðalið, bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma.</p>	<p>Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um mikilvægi plantna og vistgerða sem finnast á framkvæmdasvæðinu og verndarstöðu þeirra.</p> <p>Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um þær tegundir fugla sem þar finnast, hverjar þeirra séu líklegir varpfuglar og verndarstaða þeirra. Lagt verður mat á umfang búsvæðaröskunar vegna framkvæmda og á áhrif hennar á fuglalíf og stofnstærðir varpfugla á framkvæmdasvæðinu og á landsvísu. Þá verða metin áhrif á haförninn á framkvæmda- og rekstrartíma.</p>



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá umhverfissinnar	Kafl í UMS	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárdakki Resort ehf.
4	4.2	Ungir umhverfissinnar	7.5	Fuglar	Rannsóknir sýna að nærvera manna og innviða getur haft sambærileg áhrif á dýr og nærvera rándýra, þar sem hún kallar fram viðbrögð á borð við árvekni, flóttu og streitu ⁶ . Áhrif loftfara, þar á meðal þyrluflugs, á dýralíf hafa þó lítið verið rannsökuð og eru áhrifin á flest vistkerfi enn að stórum hluta óþekkt. Fyrirliggjandi rannsóknir benda engu að síður til þess að neikvæð áhrif stafi einkum af miklum hávaða og sjónrænum áhrifum þessara farartækja ^{7,8} . Slík truflun getur leitt til aukinnar orkuþarfar og þar með fæðuþarfar fugla, þar sem fuglar bregðast við loftförum með hegðun sem jafna má til varnarviðbragða gagnvart rándýrum, svo sem aukinni árvekni og flóttu, sem dregur úr tíma til fæðuöflunar og hvíldar. Þessi áhrif eru sérstaklega alvarleg á varp- og fellitíma þegar fuglarnir eru almennt viðkvæmari fyrir truflun og getur hún til dæmis valdið því að þeir yfirgefa hreiðrin sín eða hætta að annast ungangana sína. Þá hafa einnig komið upp atvik þar sem ernir lenda í árekstri við loftför með banvænum afleiðingum ⁹ . Í matsáætlun kemur fram að fylgt verði ákveðnum reglum um flugumferð og að leitast verði við að haga þyrluflugi þannig að það valdi sem minnsti röskun fyrir nærsamfélag og fuglalíf á svæðinu. Þrátt fyrir þetta vantar skýra umfjöllun um hvernig slíkt skuli tryggt í framkvæmd, hvaða viðmið verði notuð til að meta röskun og með hvaða hætti áhrif þyrluflugs á fuglalíf verði rannsökuð og metin. Það er því afar nauðsynlegt að gera mun ítarlegri grein fyrir aðferðafræði við mat á þessum áhrifum áður en frekari ákvarðanir eru teknar.	Hætt hefur verið við fyrirhuguð áform um að koma þyrlupalli fyrir á jörðinni.
4	4.3	Ungir umhverfissinnar	7.5	Fuglar	Fyrirhugaðar framkvæmdir munu óhjákvæmilega leiða til stóraukinnar umferðar fólks um fjörur svæðisins. Þessi svæði eru gríðarlega mikilvæg fyrir fæðuöflun fjölda vaðfugla, sérstaklega á fartímum þegar fuglar hafa takmarkaðan tíma innan þess tíma dags þegar lágsjávað er til að byggja upp forða fyrir áframhaldandi flug. Hvert augnablik sem tapast í fæðuöflun getur haft afgerandi áhrif á lífslíkur fugla. Truflun í fjörum veldur því að fuglar eyða orku í flóttu, missa fæðutíma og geta þurft að leita á ný svæði (ef þau eru á annað borð í boði) þar sem samkeppni um fæðu er oft meiri ¹⁰ . Fjörurnar á þessu svæði eru síðasti viðkomustaður margra fargesta eins og sanderla og rauðbrystinga áður en þeir halda áfram á varpstaði sína á Grænlandi og í Kanada. Rannsóknir sýna að ástand fugla á síðasta viðkomustað fyrir farflug hefur bein áhrif á lífun og stofnstærð. Dæmi eru um að þegar fuglar hafa ekki náð að afla sér nægilegra fæðu á slíkum svæðum hafi það leitt til allt að 50% fækkunar í vetrarstofnum rauðbrystinga ¹¹ . Matsáætlunin gerir ekki nægilega grein fyrir því hvernig meta eigi þessi áhrif, sérstaklega í ljósi þess að um er að ræða eitt helsta viðkomusvæði rauðbrystinga á Íslandi og heimsstofnstærð tegundarinnar er á hraðri niðurleið með dæmi um að sumum þeirra hafi fækkað um meira en 94% á undanförunum árum 12,13. Í úttekt á fuglalífi á svæðinu voru fuglar taldir aðeins þrisvar sinnum: 10. júní, 25. september og 22. október 2025. Margar tegundir, svo sem fargestirnir rauðbrystingur, sanderla og margæs, eru að mestu farnar af landinu í maílok, og haustfartími sumra þeirra hefst strax um miðjan júlí. Þá eru ótaldir íslenskir vaðfuglar sem sýna svipaða farhegðun. Því er ljóst að nauðsynlegt er að framkvæma mun ítarlegri talningar sem ná yfir allan fartímamann, frá byrjun vors og út haustið til að fá fulla yfirsýn yfir hvaða fuglar notað þetta svæði. Sömuleiðis þarf að kanna vetursetu vaðfugla á svæðinu, eins og tjalda en einhverjir stærstu vetursetuhópar tjalda á Íslandi hafa sést á Löngufjörum. Svæðið er þó	Í aðdraganda þessa verkefnis hefur verið lögð áhersla að draga úr umfangi framkvæmda í þeim tilgangi að vernda og hlífa viðkvæmum svæðum. Einnig hafa flestir göngustígar sem settir voru fram í fyrri útfærslum verið lagðir af. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um þær tegundir fugla sem þar finnast, hverjar þeirra séu líklegir varpfuglar og verndarstaða þeirra. Lagt verður mat á umfang búsvæðaröskunar vegna framkvæmda og á áhrif hennar á fuglalíf og stofnstærðir varpfugla á framkvæmdasvæðinu og á landsvísu. Í ljós hefur komið að fyrir liggja talningar (óbirt gögn) frá mismunandi tímum árs á svæðinu og á aðliggjandi svæðum. Til viðbótar stendur til að framkvæma eina fuglatalningu að vetri við Stakkhamar og eina að vori. Þær talningar, auk þeirra sem fyrir liggja nú þegar, eru taldar vera fullnægjandi til að meta áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf leirunnar.



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafl í UMS	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárdalinn ehf.
					almennt nær ekkert rannsakað m.t.t. fuglalífs að vetrarlagi og þyrfti sömuleiðis að bæta úr því.	
4	4.4	Ungir umhverfissinnar	7.5	Fuglar	Í úttektinni á fuglalífi á svæðinu kom í ljós að þéttleiki spóa og lóupræla er mjög mikill, mun meiri en annars staðar á landinu. Báðar tegundir eru flokkaðar undir tegundir í nokkurri hættu (VU) á valista og verpir stór hluti heimsstofna þessara fugla hér á landi. Uppbygging mannvirkja á borð við 45.000 m ² byggingar og um 20 km af vegum mun óhjákvæmilega hafa veruleg neikvæð áhrif á þessa stofna. Rannsóknir sýna að jafnvel lítill þéttleiki mannvirkja getur haft mjög mikil áhrif á fugla í kringum þau. Í nýlegri rannsókn framkvæmd hér á landi kom fram að þéttleiki sumra vaðfugla minnkaði um 34–95% með auknum innviðum, þrátt fyrir að mannvirkin næðu aðeins yfir um 6% af flatarmáli svæðanna ¹⁴ . Þá sýna bæði erlendar og innlendar rannsóknir að fuglum fækkar eftir því sem nær dregur vegum, jafnvel þar sem umferð er lítil ^{15,16,17} . Íl að draga úr neikvæðum áhrifum á fuglalíf væri mun æskilegra að íhuga uppbyggingu á svæðum þar sem innviðir eru nú þegar til staðar, frekar en að raska ósnortnum svæðum. Svæðið við Laugagerðisskóla hefur t.d. áður verið nýtt fyrir hótélstarfsemi og þar er einnig heit laug. Þar eru því tækifæri til að þróa og bæta aðstöðu frekar til að styðja við ferðaþjónustu án þess að raska ósnortnu landslagi. Uppbygging ferðaþjónustu á Snæfellsnesi er mikilvæg fyrir svæðið og sveitarfélögin, en það er vel hægt að velja aðra staði til að byggja upp innviði fyrir ferðaþjónustu sem hafa minni áhrif á náttúru og lífríki.	Ábendingar varðandi fugla verða höfð til hliðsjónar við vinnslu umhverfismatsins. Framkvæmdaraðili leggur fram til umhverfismats þá framkvæmd sem lýst er í matsáætlun. Þau áform fela ekki í sér að að skoða uppbyggingu ferðaþjónustu við Laugagerðisskóla.
4	4.5	Ungir umhverfissinnar	7.4, 7.5, 7.7	Gróður; Fuglar; Samfélag	Snæfellsnes varð nýlega fyrsti UNESCO-vistvangur Íslands. Matsáætlunin fjallar ekki um hvernig fyrirhugaðar framkvæmdir samrýmast markmiðum vistvangsins, sem felast meðal annars í að varðveita vistkerfi og stuðla að sjálfbærri þróun í sátt við náttúru og samfélag ^{18,19} . Þá hefur Snæfellsnes einnig tekið þátt í EarthCheck verkefninu og fengið vottun frá þeim árlega síðan 2008. Þessi vottun felur í sér að áfangastaður hafi skuldbundið sig og sýnt fram á að skref séu tekin til að staðurinn verði sjálfbærari og taka ábyrgð á umhverfi og samfélagi. Þetta ferli er umfangsmikið og þarf árlega að endurnýja vottunina. Til að eiga möguleika á endurnýjun þarf að sýna fram á stöðugar úrbætur í umhverfismálum ^{20,21} . Matsáætlun fjallar ekki heldur um hvernig framkvæmdirnar taki mið af markmiðum þessa verkefnis. Nauðsynlegt er að þessir þættir verði því sérstaklega teknir fyrir í umhverfismatinu.	Ábending snýr fremur að sveitarfélaginu en að framkvæmdaraðila.
4	4.6	Ungir umhverfissinnar	7.4, 7.5	Gróður; Fuglar	Eins og nefnt var í byrjun þá er svæðið mikilvægt fuglasvæði, er í tillögum Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruinjasrár og hluti af einu fjölbreyttasta náttúrusvæði á landinu. Matsáætlunin gerir ekki nægilega grein fyrir því hvernig tekið verði tillit til þessarar verndarstöðu í umhverfismatinu. Þá er svæðið í eða við Stakkhamarslón búsvæði tveggja valistaþlantna, sandlæðings og lónajurtar ²² . Nauðsynlegt er að kanna sérstaklega hvort þessar tegundir finnist á framkvæmdasvæðinu og tryggja vernd þeirra og búsvæða þeirra ef svo er. Í kafla matsáætlunar um æðplöntutegundir segir Róbert Ívar sem framkvæmdi úttektina að vegna umfangs svæðis og breytileika votlenda þá þarf fleiri daga til að sinna þessu verkefni á fullnægjandi hátt og tímasetja úttekt með tilliti til vaxtartíma æðplantna. Hann telur úttektina vera ófullnægjandi m.t.t. stærðar votlendisins og tíma árs	Í köflum 7.4 og 7.5 í matsáætlun kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði verndarstaða plantna, vistgerða og fuglategunda metin. Til viðbótar við fyrirbyggjandi rannsóknir á gróðri og fuglalífi er áformað að láta framkvæma frekari rannsóknir á gróðri og fuglalífi. Grasafræðingur mun fara í æðplöntuskráningu sumarið 2026. Einnig stendur til að framkvæma eina fuglatalningu að vetri við Stakkhamar og eina að vori. Þær talningar, auk þeirra sem fyrir liggja nú þegar, eru taldar vera fullnægjandi til að meta áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf leirunnar.



Ums. Nr.	Aths. nr.	Umsögn frá	Kafl í UMS	Varðar	Athugasemd	Svar Laxárdalshótel ehf.
					sem úttektin fór fram. Það er því ljóst að mun ítarlegri athugun á gróðri á svæðinu er nauðsynleg áður en meira verður gert í þessum framkvæmdum.	
4	4.7	Ungir umhverfissinnar		Almennt	Þó að fyrirhugaðar framkvæmdir feli í sér aukna nýsköpun og uppbyggingu er ljóst að þær eru á kostnað afar mikilvægra vistkerfa og lífvera. Mun æskilegra ef fara á í framkvæmdir, væri að beina slíkri uppbyggingu að svæðum þar sem innviðir eru þegar til staðar, til dæmis á svæðum sem áður hafa verið nýtt til ferðapjónustu, fremur en að raska ósnortnum og alþjóðlega mikilvægum náttúrusvæðum. Með því væri hægt að styðja við samfélagsuppbygging án þess að fórnna þeim náttúruverðmætum sem gera svæðið einstakt og ómetanlegt til framtíðar.	Framkvæmdaraðili leggur fram til umhverfismats þá framkvæmd sem lýst er í matsáætlun.